



# Fjölmennningarleg menntun í Sveitarfélaginu Árborg

HANDBÓK FYRIR LEIK- OG GRUNNSKÓLA ÁRBORGAR

Fjölskyldusvið Árborgar  
2022



Sveitarfélagið  
**ÁRBORG**

Handbók – Fjölmennningarleg menntun í Sveitarfélaginu Árborg

Fjölskyldusvið Árborgar

2. útgáfa (2022)

Fjölmenningatrymi Árborgar tók saman undir stjórn Anetu Figlarska, kennsluráðgjafa í fjölmenningu og Önnu Wozniczka, verkefnastjóra í málefnum flóttamanna

Yfirllestur: Margrét Björk Brynhildardóttir

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	5
1 Skilgreiningar .....	5
2 Hagnýtar upplýsingar .....	6
2.1 Sveitarfélagið Árborg.....	6
2.1.1 Fjölskyldusvið.....	7
2.1.2 Kennsluráðgjafi í fjölmenningu.....	8
2.1.3 Frístundastarf og frístundastyrkur.....	8
2.1.4 Lesum saman .....	9
2.1.5 Lærum saman .....	9
2.2 Heilbrigðisstofnun Suðurlands .....	10
2.3 Túlkaþjónusta .....	10
2.3.1 Hver pantar túlk?.....	10
2.4 Fjölmenningssetur .....	10
2.5 New in Iceland .....	11
3 Skóli fyrir alla .....	11
4 Málþroski og orðaforði fjöltyngdra barna .....	12
5 Móðurmál.....	13
6 Íslenska sem annað tungumál .....	13
7 Foreldrasamstarf .....	14
8 Móttaka barns af erlendum uppruna í leik- og grunnskóla.....	15
8.1 Mál sem huga þarf að í upphafi.....	15
8.1.1 Lögheimili .....	15
8.1.2 Dvalarleyfi.....	15
8.1.3 Kennitala.....	15
8.1.4 Heilbrigðisvottorð.....	15
8.2 Stöðumat .....	16
8.2.1 Stöðumat fyrir grunnskóla.....	16
9 Leikskólahluti.....	17
9.1 Móttökuberli í leikskólum v/nemanda með fjölmenningslegan bakgrunn .....	17
9.1.1 Innritun .....	18
9.1.2 Móttökuvíðtal.....	18
9.1.3 Eftirfylgd .....	18
9.1.4 Foreldrasamstarf .....	19

9.1.5	Innritun í grunnskóla .....	19
9.2	Hvað er hægt að gera í leikskólanum áður en barnið kemur? .....	19
9.3	Málörvun .....	19
10	Grunnskólahluti .....	23
10.1	Móttökuferli í grunnskólum v/nemanda með fjölmennningarlegan bakgrunn .....	23
10.1.1	Innritun .....	24
10.1.2	Móttökuvíðtal .....	24
10.1.3	Stöðumat .....	25
10.1.4	Aðlögun hefst/nemandi mætir í skólann .....	26
10.1.5	Nám og kennsla .....	26
10.1.6	Eftirfylgd og langtímastuðningur .....	26
10.1.7	Innritun í framhaldskóla .....	27
10.2	Hvað er hægt að gera í skólanum áður en nemandinn kemur? .....	27
10.3	Hugmyndir að kennslu .....	28
11	Hagnýtar vefsíður .....	30
12	Fjölmenningarteymi Árborgar (2021-2022) .....	32
	Heimildaskrá .....	33
13	Fylgiskjöl .....	35
13.1	Gátlisti fyrir móttökuvíðtal við foreldra/forsjáraðila barns með fjölmennningarlegan bakgrunn .....	36
13.2	Móttökuvíðtal í leikskólum (bakgrunnsupplýsingar) .....	39
13.3	Gátlisti fyrir móttökuvíðtal við foreldra/forsjáraðila barns með fjölmennningarlegan bakgrunn .....	45
13.4	Móttökuvíðtal í grunnskólum (bakgrunnsupplýsingar) .....	48
13.5	Móttaka nemanda með fjölmennningarlegan bakgrunn - eftirfylgnivíðtal .....	53
13.6	Stöðumat .....	56
13.7	Undanþága frá námi í erlendu tungumáli .....	57
13.8	Aðalnámskrá grunnskóla 2011 .....	58
13.8.1	Hæfnivíðmið fyrir íslensku sem annað tungumál .....	62
13.9	Víðmiðunarstundatafla í íslensku sem öðru tungumáli (ÍSAT) .....	66

## Inngangur

Síðustu áratugi hefur margbreytileiki menningar aukist stórlega og hnattvæðing er veruleiki sem við búum við. Nemendum af erlendum uppruna hefur þar af leiðandi fjölgað mikið í íslenskum skólum. Mikilvægi menntunar er öllum ljós og segja má að menntun sé lykill að gæðum samfélagsins. Með hugtakinu fjölmening er átt við fjölbreytt mannlíf þar sem fólk af ólíkum uppruna, trúarlegum eða þjóðernislegum, er saman komið án þess að einum hópi sé gert hærra undir höfði en öðrum. Mikilvægt er fyrir sveitarfélög að vera með áætlun og stefnu er varðar fjölmeningu.

Í Sveitarfélaginu Árborg var stofnaður faghópur árið 2015 til að vinna m.a. að áætlunargerð og stefnumótun fyrir fjöltyngda nemendur skólanna og fjölskyldur þeirra. Hópurinn var skipaður fulltrúum frá öllum leik- og grunnskólum sveitarfélagsins og fulltrúum frá skólaþjónustunni. Árið 2020 bættust við tveir fulltrúar frá Fjölbautaskóla Suðurlands. Snemma í ferlinu kom í ljós nauðsyn þess að útbúa bæklinga fyrir foreldra af erlendum uppruna sem flytjast í Árborg þar sem helstu upplýsingar varðandi skólahlald í leik- og grunnskólum kæmu fram.

Það er mikilvægt að taka vel á móti öllum börnum sem koma ný í skólana en sérstaklega þarf að huga að móttöku barna af erlendum uppruna sem hafa annað móðurmál en íslensku. Það kom einnig snemma í ljós mikil þörf fyrir að gera handbók sem nýtist starfsfólki skólanna þegar tekið er á móti nemendum af erlendum uppruna. Nemendur af erlendum uppruna eru eins og allir aðrir nemendur. Þeim þarf að mæta þar sem þeir eru staddir og byggja námið sem mest á fyrri reynslu þeirra og þekkingu. Til að stuðla að góðum námsárangri þarf nám barna að vera samfellt frá upphafi leikskóla til loka framhaldsskóla.

Við gerð handbókarinnar var stuðst við efni sem önnur sveitarfélög hafa gert. Sérstaklega hafa handbækur frá Kópavogi og Akureyrarbæ verið hjálplegar með leyfi höfunda þeirra. Hafa skal í huga að handbókin er lifandi skjal sem verður uppfært og lagað reglulega.

Síðasta uppfærsla var í nóvember 2022.

## 1 Skilgreiningar

**Tvítyngi/fjöltýngi** er flókið hugtak sem felur í sér notkun á tveimur eða fleiri tungumálum. Grundvöllur fyrir þessari skilgreiningu er tungumálakunnátta en ekki færnisstig í þeim tungumálum.

- Talað er um *jafnhliða tvítyngi* (e. *simultaneous bilingualism*) þegar barn elst upp við tvö tungumál frá upphafi máltöku, svo sem þegar móðurmál móður og föður er ekki það sama og barnið heyrir og lærir bæði tungumálin frá upphafi máltöku.
- Þegar eitt mál er talað á heimilinu og annað utan þess er hins vegar talað um *áunnið tvítyngi* (e. *successive bilingualism*) en við þær aðstæður fer barn ekki að læra landsmálið fyrr en það hefur skólagöngu í leik- eða grunnskóla.

- *Virkt fjölbreyting* felur í sér notkun á tveimur eða fleiri tungumálum í hversdagslegu lífi og færni í þeim tungumálum þróuð samhliða.

**Móðurmál** er tungumál sem barn lærir fyrst á undan öðrum tungumálum. Tvítyngd börn geta haft tvö eða fleiri tungumál að móðurmáli.

**Heimamál** (*e. home language*) er það tungumál sem barn talar á heimili sínu.

**Íslenska sem annað tungumál (ÍSAT)** nýtt tungumál bætist við móðurmálið. Hér er talað um börn sem fæðast á Íslandi og börn sem flytjast til Íslands og bæta íslenskunni við og læra hana sem annað tungumál. Einnig (íslensk) börn sem hafa búið erlendis og flytjast aftur til Íslands.

**Innflytjandi** er einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis. Önnur kynslóð innflytjenda eru einstaklingar sem fæddir eru á Íslandi og eiga foreldra sem báðir eru innflytjendur.

**Útlendingur** er einstaklingur sem hefur ekki íslenskan ríkisborgararétt.

**Umsækjandi um alþjóðlega vernd eða hælisleitandi** er einstaklingur sem óskar eftir alþjóðlegri vernd í öðru ríki þangað til umsókn viðkomandi hefur fengið endanlega afgreiðslu hjá stjórnvöldum. Hælisleitandi er einstaklingur sem hefur yfirgefið land sitt en ekki fengið vernd sem flóttamaður.

**Flóttamaður.** Þegar einstaklingur hefur fengið umsókn sína um alþjóðlega vernd afgreidda fær hann annaðhvort synjun, þ.e. ekki viðurkenningu á því að vera flóttamaður, eða veitingu dvalarleyfis og viðurkenningu á því að vera skilgreindur flóttamaður með þeim réttindum sem fylgja samkvæmt lögum. Flóttamaður samkvæmt lögum telst vera útlendingur sem er utan heimalands síns af ástæðuríkum ótta við að vera ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að tilteknum þjóðfélagshópi eða vegna stjórnámálaskoðana og getur ekki eða vill ekki vegna slíks ótta færa sér í nyt vernd þess lands.

**Stöðumat** er mat sem lagt er fyrir nýja nemendur af erlendum uppruna í grunnskólum og fer fram á sterkasta tungumáli nemandans. Markmið með stöðumatinu er að styðja við vinnu skólanna þannig að skólinn geti undirbúið og aðlagð kennsluna að þörfum nemandans og þekkingargrunni hans.

**Læsi** er vítt hugtak yfir það að geta lesið, skrifað eða talað tungumál. Það að vera læs felur í sér að einstaklingar geti nýtt sér lestur, lesskilning og ritun við dagleg viðfangsefni.

## 2 Hagnýtar upplýsingar

### 2.1 Sveitarfélagið Árborg

Í sveitarfélaginu Árborg eru:

- sex leikskólar <https://www.arborg.is/ibuar/skolar-og-daggaesla/leikskolar/>
- fjórir grunnskólar <https://www.arborg.is/ibuar/skolar-og-daggaesla/grunnskolar/>

- fjögur frístundaheimili og þrjár frístundaklúbbar <https://www.arborg.is/ibuar/fristund-og-sundlaugar/fristundir/>
- félagsmiðstöð <https://www.arborg.is/ibuar/fristund-og-sundlaugar/felagsmidstod/>
- framhaldsskóli <https://www.arborg.is/ibuar/skolar-og-daggaesla/fjolbrautaskoli/>
- ungmennahús <https://www.arborg.is/ibuar/fristund-og-sundlaugar/felagsmidstod/ungmennahus/>

Bæklingar fyrir foreldra af erlendum uppruna sem flytjast í Árborg með helstu upplýsingum varðandi skólahald í leik- og grunnskólum eru aðgengilegir á vefsíðu <https://fjolmenning.arborg.is/>. Bæklingar eru á þremur tungumálum: íslensku, ensku og pólsku.

### 2.1.1 Fjölskyldusvið

Undir fjölskyldusvið heyrja skólaþjónusta, velferðarþjónusta, frístundaþjónusta og allir leik- og grunnskólar sveitarfélagsins. Þar eru sameinuð verkefni fræðslu-, velferðar-, og frístundamála og þar með undirstrikað mikilvægi þess að þeir starfsmenn sem koma að málefnum fjölskyldna vinni náið saman.

Á fjölskyldusviði starfa auk sviðsstjóra fjölskyldusviðs, deildarstjórar skóla-, velferðar- og frístundaþjónustu, sálfræðingar, talmeinafræðingar, leikskólaráðgjafi, kennsluráðgjafar, kennsluráðgjafi í fjölmenningu, ungmennaráðgjafi, ráðgjafaproskajálfar og félagsráðgjafar sem sinna félagslegri ráðgjöf og barnavernd. Á sviðinu starfar einnig fjármálasérfræðingur sem leiðbeinir og aðstoðar alla leik- og grunnskóla auk skóla-, velferðar- og frístundaþjónustu sveitarfélagsins varðandi fjármálin. Auk þess er fjölskyldusvið í samstarfi við aðra fagaðila, t.d. iðjuþjálfva.

Skólaþjónusta Árborgar hefur það að meginmarkmiði að efla skólana sem faglegar stofnanir og stuðla að sameiginlegri lausnaleyti fagaðila og foreldra í þeim úrlausnarefnum sem koma upp. Skólaþjónusta Árborgar sinnir margþættum verkefnum með það að leiðarljósi að mæta fjölbreyttum þörfum barna, forsjáraðila og starfsfólks skóla og frístundar. Áhersla er lögð á þverfaglegt og gott samstarf bæði við börn og forsjáraðila auk þeirra fagaðila sem koma að þjónustunni.

Hjá skólaþjónustu er lögð áhersla á farsæld í þágu barna, snemmtækan stuðning, lausnaleyti, öfluga fræðslu og námskeið bæði fyrir börn, foreldra og starfsfólk skóla og frístundar. Skólastjóri leik- og grunnskóla ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd stoðþjónustu hvers skóla og að málum sé vísað til skólaþjónustu þegar þess gerist þörf. Helstu þjónustubættir eru: Innritun í leik- og grunnskóla, starfstengd leiðsögn, kennslufræðileg ráðgjöf, fjölmenningsleg ráðgjöf, talmeinaráðgjöf og framburðarþjálfun, sálfræðiráðgjöf, skimanir og greiningar og stuðningur við starfsþróun í skólum. Ef þörf er á íhlutun er gerð beiðni til skólaþjónustu í samstarfi við skóla og foreldra.

### 2.1.2 Kennsluráðgjafi í fjölmenningu

Kennsluráðgjafi í fjölmenningu starfar á fjölskyldusviði Árborgar og veitir ráðgjöf og fræðslu til starfsfólks leik- og grunnskóla er varðar málefni barna með fjölmenningarlegan bakgrunn. Kennsluráðgjafi er til viðtals og hefur fasta viðveru í öllum leik- og grunnskólum sveitarfélagsins. Dagsetningar yfir viðveru kennsluráðgjafa eru sendar skólastjórnendum í upphafi hvers skólaárs.

Verkefni kennsluráðgjafa í fjölmenningu:

- Að veita ráðgjöf og fræðslu kennurum og starfsmönnum leik- og grunnskóla
- Að veita ráðgjöf og fræðslu foreldrum af erlendum uppruna og nemenda
- Að leggja mat á stöðu tví- og fjöltyngdra nemenda í íslensku og jafnvel móðurmáli
- Að vera tengiliður á milli skólastiga varðandi nemendur með fjölmenningarlegan bakgrunn
- Að taka þátt í teymisvinnu varðandi fjöltyngda nemendur með greiningar
- Að hafa yfirsýn yfir námslega og félagslega stöðu erlendra nemenda í skólum
- Að halda utan um fjölda nemenda með fjölmenningarlegan bakgrunn í leik- og grunnskólum Árborgar og koma þeim upplýsingum til þeirra aðila sem á þurfa að halda.
- Að vinna við þróun móttökuáætlunar í leik- og grunnskólum

### 2.1.3 Frístundastarf og frístundastyrkur

Fjölbreytt frístundastarf er í boði hjá íþrótt- og frístundafélögum í Árborg fyrir flesta aldurshópa. Má þar nefna fótbolta, handbolta, körfubolta, frjálsar íþróttir, fimleika, sund, taekwondo, júdó, hestaíþróttir, golf, ungbarnasund, borðtennis, skák, skátastarf, tónlistarnám, íþróttir fatlaðra, crossfit, dans, jóga og fleira. Fyrir börn yngri en 6 ára er sérstaklega boðið upp á íþróttaskóla, fimleika- og fótboltaæfingar, ungbarnasund og tónlistarnám. Sjá nánar hér <http://fristundir.arborg.is/>. Foreldrum 5-17 ára barna sem búsett eru í sveitarfélaginu býðst frístundastyrkur fyrir hvert barn en hann er hægt að nota til niðurgreiðslu flestra frístunda sem standa til boða. Sjá nánar hér frístundastyrkur:

<https://www.arborg.is/ibuar/fristund-og-sundlaugar/fristundir/fristundastyrkur/>

Í hverjum grunnskóla er starfrækt frístundaheimili fyrir 6 – 9 ára börn en starfsemi þeirra hefst eftir að skóla lýkur á daginn og er markmið frístundaheimilanna að efla og kynna fjölbreytta leiki og verkefni og að börnunum líði vel í skipulögðum og frjálsum leik. Hægt er að nálgast foreldrahandbók frístundaheimila hjá hverju frístundaheimili fyrir sig <https://fjolmenning.arborg.is/menntun/fristundaheimili/>

Frá kl. 13:00 – 16:30 á virkum dögum er boðið upp á sérstakan frístundaakstur innan sveitarfélagsins sem börn geta nýtt sér, t.d. til að komast milli æfinga og frístundaheimilis. Aksturinn er frír og gengur frístundastrætóinn samkvæmt áætlun <https://www.arborg.is/ibuar/fristund-og-sundlaugar/fristundir/fristundaakstur>



Fyrir börn í 5. – 10. bekk er skipulagt frístundastarf hjá félagsmiðstöðinni Zelsíuz og fer starfsemin bæði fram innan grunnskólanna og í aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar að Austurvegi 2A.

Nánari upplýsingar eru á heimasíðu Árborgar um hvert frístundafélag og hvaða starfsemi er í boði ásamt upplýsingum um frístundastyrkinn, aksturinn og frístundaheimilin ásamt öðrum upplýsingum. Sjá nánar: <http://fristundir.arborg.is/> og <https://www.arborg.is/ibuar/fristund-og-sundlaugar/fristundir/>

Þátttaka barna af erlendum uppruna í frístundastarfi er mikilvæg og þarf að hvetja foreldra og þá sem koma að kennslu barnanna til að veita upplýsingar og hvetja til þátttöku. Því lengri tíma sem barnið er í íslensku málumhverfi því betri tókum nær það á nýja tungumálinu. Máltaka íslensku sem annars máls er langt ferli og því skiptir sköpum í hvaða umhverfi börnin eru að loknum skóladegi. Rannsóknir hafa sýnt fram á mikilvægi þess að tví- og fjöltyngd börn taki þátt í starfi frístundaheimila til að efla tengslamyndun og samfélag þeirra. Það er ekki síður mikilvægt að styrkja félagslegt umhverfi fjöltyngdra barna líkt og framfarir þeirra í formlegu námi. Frístundaheimili Árborgar hafa gefið út foreldrahandbækur á 3 tungumálum sem finna má á heimasíðu Árborgar. Handbækurnar eru á íslensku, ensku og pólsku og leggja þær áherslu á að kynna gildi frístundaheimila, markmið sem og ýmis hagnýt atriði (Frístundaheimili - leikur og nám á forsendum barna, þemahefti um frístundaheimili, 2021).

[https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_frettir/fristundalaesi.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_frettir/fristundalaesi.pdf) Allt starf með mál og læsi á vettvangi frístundaheimila skiptir máli en það er sérstaklega mikilvægt fyrir börn með annað móðurmál en íslensku. Því hafa frístundaheimili Árborgar nýtt vettvanginn til að efla mál og læsi með ýmsum skapandi leiðum, svo sem með efni *Frístundalæsis*. Í handbók og á heimasíðu *Frístundalæsis* er að finna fjölbreyttar hugmyndir að leiðum til að vinna með sjö tegundir læsis: félagslæsi, lista- og menningarlæsi, miðlalæsi, samfélagslæsi, náttúru- og umhverfislæsi, vísindalæsi og heilsulæsi.

#### 2.1.4 Lesum saman

Haustið 2019 hófst samstarfsverkefni Rauða krossins, fjölskyldusviðs og grunnskóla Árborgar sem ber heitið „*Lesum saman*“. Meginmarkmið verkefnisins er að styðja við lestur fjöltyngdra nemenda sem eru í 1., 2. og 3. bekk í grunnskólum Árborgar. Verkefninu er þannig háttað að sjálfboðaliðar frá Rauða krossinum bjóða fram aðstoð sína einu sinni í viku í hverjum skóla í Árborg.

#### 2.1.5 Lærum saman

Vorið 2017 byrjaði samstarfsverkefni Félags eldri borgara, fjölskyldusviðs og grunnskóla Árborgar sem ber heitið „*Lærum saman*“. Verkefninu er ætlað að efla lestur fjöltyngdra nemenda í 4., 5., 6. og 7. bekk í grunnskólum Árborgar, aðstoða og styðja við þeirra námsframvindu. Verkefninu er þannig háttað að sjálfboðaliðar frá Félagi eldri borgara bjóða fram aðstoð sína einu sinni í viku.

## 2.2 Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Þar starfa m.a. hjúkrunarfræðingar, heimilislæknar, barnalæknir, iðjubjálfar, sálfræðingar og félagsráðgjafi. Á Heilbrigðisstofnun Suðurlands fer fram reglubundið eftirlit með heilsu barna, til dæmis ungbarnavernd, 2,5 ára skoðun og 4 ára skoðun. Haft er samband við leikskólana ef þörf er á eftir þessar skoðanir að fengnu samþykki foreldra. Í grunnskólum eru það skólahjúkrunarfræðingar sem sjá um almenna fræðslu er varðar heilsu nemenda og fylgjast jafnframt með heilsufari þeirra.

## 2.3 Túlkaþjónusta

Í samstarfi heimila og skóla geta ólík tungumál verið hindrun í samskiptum. Því er þjónusta túlka mikilvæg í skólastarfinu. Túlkaþjónusta er mikilvæg í foreldraviðtölum, á skilafundum sérfræðinga og öðrum fundum sem foreldrar eru boðaðir á. Mikilvægt er að túlkur fái tækifæri til að undirbúa sig ef um mjög sértækan orðaforða er að ræða og fái sendar upplýsingar fyrir fundinn með efni fundarins. Nokkuð er til af stöðluðum skilaboðum til foreldra á mörgum tungumálum til dæmis

- á vef <https://reykjavik.is/skilabod-fra-skola-0>
- Þýðingar á upplýsingaefni á pólsku og ensku <https://mms.is/thydingar-a-upplysingaefni-a-polsku-og-ensku>

### 2.3.1 Hver pantar túlk?

Fulltrúi skóla sér um að panta túlk fyrir fundi með foreldrum. Mikilvægt er að gera ráð fyrir lengri tíma í fundi þar sem túlkaþjónusta er nýtt. Þegar túlkur er pantaður er mikilvægt að skrá tungumál, ekki nægir að skrá upprunaland. Túlkur er bundinn þagnarskyldu við störf sín og er hlutlaus aðili. Kostnað við túlkaþjónustu hafa skólarnir alfarið á sinni hendi.

Aðilar sem taka að sér túlkaþjónustu:

- ASETUR ehf.: <https://www.asetur.is/tulkathjonusta>
- Fatima-Túlkaþjónusta og þýðingar: <https://www.tulkathjonusta.is/>
- Fjölmenningarstofa ehf: Arann Taha Karim arantaha@gmail.com (kúrdíska)
- Túlka og þýðingamiðstöð Íslands: <https://tulkamidstodin.is/>
- Túlkaþjónustan slf: <https://www.pantatulk.is/>

## 2.4 Fjölmenningarsetur

Fjölmenningarsetur (MCC) hefur það hlutverk að efla þjónustu við innflytjendur sem búsettir eru á Íslandi með því að veita einstaklingum, félögum, fyrirtækjum og íslenskum stjórnvöldum stuðning, ráðgjöf og upplýsingar í tengslum við málefni innflytjenda og flóttamanna á Íslandi. Á vefsíðu Fjölmenningarseturs er að finna m.a. bæklinga um fyrstu skrefin þegar innflytjendur eru nýkomnir til Íslands, upplýsingar fyrir flóttafólk og leiðbeiningar fyrir fagfólk sem vinnur með innflytjendum og flóttafólki: <https://www.mcc.is/is/>

## 2.5 New in Iceland

New in Iceland er ráðgjafahluti Fjölmenningsseturs sem hefur það hlutverk að veita innflytjendum leiðbeiningar og upplýsingar um hvernig er að búa á Íslandi. Þjónustan er ókeypis og veitt í trúnaði. Nánari upplýsingar á: <https://newiniceland.is/is/>

## 3 Skóli fyrir alla

Nútíma samfélagsmynstur á Íslandi hefur breyst og er fjölbreytt. Börnum með annað móðurmál en íslensku hefur fjölgað í íslenskum leik- og grunnskólum. Þessar breytingar hafa skapað áskoranir og tækifæri fyrir kennara og starfsfólk skóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2020).

Slee (2011) fjallar um útilokun í skólakerfinu og bendir á leiðir sem skólar geta notað til að vinna eftir hugmyndafræði um skóla fyrir alla. Það þurfa að verða breytingar í hugsun hvað varðar kennslu fyrir börn, á námskrá, kennslufræði og skólastofnunum. Tryggja skal að allir skilji hvað skóli fyrir alla er fyrir öll börn. Það þarf að endurskipuleggja vettvanginn, endurskoða tungumálið á þann hátt að skóli fyrir alla viðurkenni tungumálið sem valdeflandi verkfæri og leitist við að endurheimta og fella inn orðaforða um réttindi og réttlæti í námi.

Mikilvægt er að skólastarf og skólamenning einkennist af jákvæðum samskiptum milli kennara, nemenda og foreldra en jákvætt viðhorf kennara skiptir miklu máli til að árangur náist. Byggja þarf nám og kennslu á reynslu og styrkleikum nemenda og stöðu þeirra í námi. Eins er mikilvægt að gera kröfur til þeirra og ekki slaka á væntingum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2020; bls. 36). Skólasamfélagið getur verið fyrirmynd samfélagsins og þar með speglað margbreytileika sinn út í samfélagið. Það er mikilvægt að skapa réttlátt skólasamfélag þar sem allir geta notið sín og tekið virkan þátt. Með því að taka virkan þátt í skólanum fá tvítyngdir nemendur tækifæri til að ná tökum á viðfangsefnunum og efla um leið málskilning í íslensku sem öðru máli. Möguleikar tvítyngdra barna til menntunar, aðgengis að stofnunum samfélagsins og félagslegri þátttöku skipta miklu máli. Skólar þurfa að byggja upp skólasamfélag þar sem fjölbreytni nemendahópsins er virtur. Skólinn þarf að byggja á fjölbreytileikanum í daglegu starfi (Hanna Ragnarsdóttir og Fríða B. Jónsdóttir, 2016).

Til að tryggja menntun fyrir alla er gott samstarf milli skóla og stiga innan menntakerfisins mikilvægt sem og samstarf þvert á stofnanir og svið. Áhersla skal lögð á þróun teymiskennslu og lærdómssamfélags með því að efla samstarf kennara og þverfaglega samvinnu innan skólans (Edda Óskarsdóttir o.fl., 2021). Fjölbreytileiki nemenda og ólíkar þarfir þeirra kalla einnig á stuðning frá ólíkum fagaðilum sem vinna saman (m.a. frá heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu og skólaþjónustu). Mikilvægt er að nýta sérþekkingu þessara aðila í því að hjálpa starfsfólki skólans til að mæta áskorunum og styðja við nemendur og fjölskyldur þeirra (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2019).

## 4 Málþroski og orðaforði fjöltyngdra barna

Málþroski felur í sér að læra grunnþætti málsins, þ.e. hljóð og hljómfall, orð og merkingu þeirra, málfræði og setningagerð, en einnig viðeigandi og áhrifaríka málnotkun í samfelldu máli, bæði í ræðu og riti. Þessir þættir eru allir samfléttaðir og framfarir í einum þætti eru háðar framförum í öðrum þáttum (Saxton, 2010).

Börn ná tökum á tungumálinu í gegnum samskipti sín við aðra og málumhverfið sem þau alast upp í hefur áhrif á það hve fljótt og vel þau læra málið (Amalía Björnsdóttir o.fl., 2003; Hart og Risley, 1995).

Fjöltyngd börn læra mál eftir sömu leiðum og eintyngd börn. Máltaka þeirra er þó flóknari en máltaka eintyngdra barna að því leyti að þau þurfa að átta sig á hljóðkerfi og málfræði tveggja tungumála og viðá að sér orðaforða í þeim báðum. Þar sem tími þeirra deilist auk þess milli málanna tveggja verður máltaka hvors máls fyrir sig yfirleitt lítið eitt hægari en hjá eintyngdum jafnöldrum þeirra (Nicoladis og Genesee, 1997).

Orðaforði vex alla ævi og fjölmargar rannsóknir sýna að orðaforði er mikilvæg undirstaða í málskilningi og seinna einnig í lesskilningi (Cain, 2010). Samkvæmt mörgum rannsóknum er eðlilegt að orðaforði fjöltyngdra barna dreifist á þau tungumál sem börn nota í daglegum samskiptum en hins vegar sé hætt á að orðaforði þeirra sé minni en orðaforði eintyngdra barna (Elín Þöll Þórðardóttir, 2007; Grosjean, 2010; Sigríður Ólafsdóttir og Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2010).

Fjöldi rannsókna staðfestir að orðaforði getur haft meiri áhrif á lesskilning fjöltyngdra nemenda en eintyngdra (Lervåg og Aukrust, 2010). Í rannsókn Aukrust og Rydland (2011) var varpað ljósi á áhrif málumhverfis í leikskóla á orðaforða og læsi fjöltyngdra 5 og 6 ára barna. Það kom í ljós að ríkulegur orðaforði og krefjandi samræður í leikskóla hefur sterkustu forspá fyrir orðaforða barna í fyrsta bekk. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að fjöltyngd börn geta lært fleiri orð og fengið dýpri skilning á orðum í leikskólanum þar sem heyrast mikið af orðum sem birtast í samhengi orðræðu sem styðja við skilninginn (Aukrust og Rydland, 2011).

Gerðar hafa verið rannsóknir á því hve hátt hlutfall orða í texta börn þurfa að skilja til að ná góðum lesskilningi, það er talað um orðaþröskuld. Til að geta svarað rúmlega 50% spurninga úr texta þurfa nemendur að þekkja og skilja 95% orðanna úr honum (Laufer og Ravenhorst-Kalovski, 2010). Gerð var íslensk rannsókn á tengslum orðskilnings og lesskilnings í náttúrufræði hjá börnum, þar kom fram að til að ná 70% lesskilningi þurftu nemendur að skilja tæplega 98% orðanna í textanum (Erla Lind Þórisdóttir, 2017). Í grein eftir Sigríði Ólafsdóttur og Ástrósar Þóru Valsdóttur (2022) á mállegum samskiptum starfsmanna leikskóla við börn með íslensku sem annað tungumál (ísl2) og börn með íslensku sem móðurmál (ísl1) kom fram að ísl2 börnin fá færri tækifæri til málörvunar en ísl1 börn. Mikilvægt er að nýta skóladaginn vel til málörvunar, ekki síst hjá ísl2 börnum sem nota ekki íslensku heima hjá sér. Nauðsynlegt er að nýta alla möguleika til að auðga orðaforða fjöltyngdra barna og kennarar geta ekki litið fram hjá þörfum fjöltyngdra barna. Börn læra orðaforða dagsdaglega með því að hafa samskipti við aðra og gott er að nota fjölbreyttan orðaforða í samræðum við barnið. Áhersla á orðaforðaaukningu barnanna getur aukið lesskilning þeirra og þar með velgengni í námi.

Það skiptir miklu máli fyrir börn af erlendum uppruna að þau geti lært það sem þau eiga að læra í skólanum eins og jafnaldrar sínir og geti tekið raunverulegan þátt í daglegu starfi í skólanum.

Það þarf að hafa í huga að kennurum ber að greina það strax ef barn er með slakan orðaforða því ef ekkert er að gert eykst munur á orðaforða fjöltyngdra og eintyngdra barna með aldrinum. Snemmtæk íhlutun er það sem mestu máli skiptir og getur haft úrslitaáhrif á gengi barns í námi. Mikilvægt er að líta til niðurstaðna rannsókna sem sýnt hafa fram á að með markvissum kennsluaðferðum er hægt að koma til móts við börn sem hafa annað móðurmál en íslensku og veita þeim þann stuðning sem þau þurfa á að halda (August o.fl., 2005; Lervag og Aukrust, 2010).

## 5 Móðurmál

Börn eiga rétt að tala sitt tungumál og viðhalda menningu sinni (Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna). „Nemendur sem hafa náð færni í móðurmáli og öðrum tungumálum skulu hvattir og þeim gefin tækifæri til að tengja málin við íslensku og byggja á hæfni sem þeir hafa öðlast í gegnum önnur tungumál, bæði færni og þekkingu“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Þegar barn lærir nýtt tungumál fer gríðarlegur tími í að læra að orða hugsun sína og tileinka sér fjölbreyttan orðaforða til að geta tjáð sig. Því telja margir fræðimenn að mikilvægur stuðningur við máltöku seinna máls/annars máls sé að styðja samhliða við móðurmál barnsins (August o.fl., 2005; Cummins, 2001). Börn þurfa að fá tækifæri til að tengja nýja þekkingu við fyrri þekkingu. Á þennan hátt er móðurmálið mikilvæg undirstaða málskilnings á nýja málinu. Því betri móðurmálsþekking, þeim mun meiri bakgrunnsþekking, þá vita þau frekar hvað býr á bak við orðið í nýja málinu sem leiðir betur til þess að fjöltyngda barnið getur yfirfært og man merkingu orðsins (Cummins, 2001). Með móðurmálskennslu er verið að brúa bilið milli málþroska í móðurmáli og íslensku. Gott vald á eigin móðurmáli er forsenda þess að nemendur geti tileinkað sé nýja tungumálið af öryggi. Foreldrar eru hvattir til að vinna með barninu á móðurmáli sínu og kenna barninu að lesa á því m.a. með því að ná sér í lestrarbækur, myndbönd og tónlist svo eitthvað sé nefnt.

## 6 Íslenska sem annað tungumál

Íslenska sem annað tungumál er nú orðin kennt sem námsgrein.

„Íslenska sem annað tungumál er ætluð nemendum sem eru að ná tókum á íslensku og eiga ekki íslensku að móðurmáli. Markmið með kennslunni eru að nemendur tileinki sér og læri íslensku þannig að þeir geti stundað alhliða nám í íslensku skólastarfi með jafnöldrum og tekið virkan þátt í samfélaginu. Gera má ráð fyrir að nemendur fylgi hæfniviðmiðum í íslensku sem öðru tungumáli í tvö til fjögur ár. Eftir það fylgja þeir aðalnámskrá í íslensku samkvæmt aldurstengdum viðmiðum. Ábyrgð á íslenskunáminu hvílir á skólastjórnendum, umsjónarkennurum, íslenskukennurum og kennurum allra námssviða sem þurfa að vinna saman til að námið verði markvisst“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Niðurstöður skýrslu OECD (2015) benda til þess að árangursríkast hefur verið að bjóða erlendum nemendum eins fljótt og hægt er upp á gæðakennslu í tungumáli skólasamfélagsins ásamt góða kennslu í öllum námsgreinum óháð því hversu lengi þeir hafa dvalið í landinu. Í skýrslunni er lögð áhersla á að styrkja þurfi alla kennara til að geta unnið faglega með nemendum af erlendum uppruna til að veita þeim stuðning til að ná góðum árangri. Það kom einnig fram að það hefur skilað betri árangri að taka nemendur ekki úr bekkjarkennslu heldur blanda saman bekkjarkennslu og tungumálakennslunni. Náin og góð samvinna bekkjarkennara og kennara sem kennir annað tungumál skiptir miklu máli.

## 7 Foreldrasamstarf

Gott samstarf heimila og skóla er gríðarlega mikilvægt fyrir nám barna (Castro o.fl., 2015). Samvinna er lykilatriðið og þurfa kennarar og forráðamenn barna að gera sér grein fyrir mikilvægi þess að vinna saman að þeim markmiðum sem að er stefnt. Báðir aðilar eru sérfræðingar á sínu sviði þegar kemur að uppeldi barna en hafa þó mismunandi skilning eða þekkingu á sömu aðstæðunum.

Virk þátttaka foreldra í skólastarfinu auðveldar aðlögun allra sem að skólastarfinu koma. Í náminu þarf að byggja upp skilning á námsefni, þróa færni hjá nemendum og viðhalda áhuga þeirra. Jafnframt vitum við að ýmislegt getur haft áhrif á menningar- og félagsauð barna og oft er raunin sú að fjölskyldur barna með fjölmennningarlegan bakgrunn hafa ekki vitneskju um þau tækifæri sem bjóðast innan skólanna og í nærsamfélaginu. Það er því mikilvægt hlutverk skólanna að veita þessar upplýsingar, samvinna þessara aðila þarf að vera gagnkvæm og stuðla að því að efla nám nemenda. Væntingar foreldra segja okkur mikið um þeirra persónulegu og/eða menningarlegu gildi og ástæðuna fyrir því að þeir ala börnin sín upp eins og þeir gera. Því þarf að hlusta vel á það sem þeir hafa fram að færa. Mikilvægt er að útskýra skipulag íslenska skólakerfisins og helstu áherslur þess fyrir foreldrum með fjölmennningarlegan bakgrunn. Tryggja þarf að þeir hafi þekkingu á hugtakinu menntun fyrir alla þar sem lögð er áhersla á að öll börn eiga rétt á skólagöngu án aðgreiningar (Hermína Gunnþórsdóttir o.fl., 2017; Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2019).

Að byrja í nýjum skóla í nýju landi er mikið álag og því mikilvægt að vanda til verka. Í starfinu með barninu ættu starfsmenn að leggja áherslu á góð samskipti og samvinnu við foreldra strax við fyrstu kynni. Mikilvægt er að boða til móttökufundar með foreldrum og túlki (ef þarf) áður en barn byrjar í skólanum þar sem skólinn fær góðar grunnupplýsingar um barnið, bakgrunn þess, menningu og siði. Á fundinum fá foreldrar greinargóðar upplýsingar um skóla- og frístundastarf. Skólahúsnæði þarf að kynna vel fyrir börnum og foreldrum og hvernig skólabyrjun er háttað. Niðurstöður skýrslunar OECD (2015) benda til þess að börn af erlendum uppruna ná betri árangri ef foreldrarnir eru upplýstir um menntakerfi landsins, eru meðvitaðir um mikilvægi þess að börn ná árangri náminu og viti hvernig þeir geti sem best stutt við nám barna sinna.

## 8 Móttaka barns af erlendum uppruna í leik- og grunnskóla

### 8.1 Mál sem huga þarf að í upphafi

#### 8.1.1 Lögheimili

Skilyrði fyrir leikskóladvöl barns er að lögheimili þess (skv. Þjóðskrá) og föst búseta sé í Sveitarfélaginu Árborg og að foreldrar barnsins séu ekki í vanskilum við sveitarfélagið vegna leikskólagjalda. Foreldrar sem hyggjast flytja í Árborg geta sótt um leikskóladvöl fyrir barn sitt. Leikskólaplássur er úthlutað óháð lögheimili en barn getur ekki hafið skólagöngu fyrr en lögheimili er skráð í Árborg. Reglur um leikskóla í Árborg: [Reglur-um-leikskola-Arborgar-br.pdf](#)

#### 8.1.2 Dvalarleyfi

Meginreglan í leik- og grunnskólum Árborgar er að veita nemendum, sem eru innflytjendur, skólavist eins fljótt og auðið er. Ekki er beðið eftir að þeir fái dvalarleyfi, heldur er áhersla lögð á að umsóknarferli sé komið af stað vegna þeirra. Meðan á umsóknarferli stendur eru nemendur utan Þjóðskrár, en skráðir um leið og formlegt dvalarleyfi hefur verið afgreitt. Ástæða fyrir töfum á leyfisveitingu getur verið sú að foreldrar hafi ekki skilað umbeðnum gögnum til Þjóðskrár, s.s. ljósriti af vegabréfi, forsjárgögnum, staðfestu frumriti af fæðingarvottorði, húsnæðisvottorði eða þýðingu löggiltra skjalabýðenda á erlendum umbeðnum gögnum. Nánari upplýsingar má finna á vef Þjóðskrár <https://www.skra.is>

#### 8.1.3 Kennitala

Öll börn verða að hafa kennitölu. Foreldri verður að sækja um kennitölu fyrir barnið og vera sjálft með útgefið dvalarleyfi og skráð í Þjóðskrá. Hafi nemandi ekki fengið dvalarleyfi eða kennitölu er foreldrum bent á að sækja um strax, þegar staðfesting liggur fyrir að það ferli sé hafið er nemandi velkominn í skólann.

#### 8.1.4 Heilbrigðisvottorð

Þegar erlendir foreldrar sækja um er mikilvægt að tekið sé fram við foreldra að heilbrigðisvottorð og bólusetningarvottorð þurfi að fylgja umsókn um skólavist. Samkvæmt verklagsreglum sóttvagnarlæknis skulu þau börn sem koma til landsins frá eftirtöldum svæðum gangast undir læknisrannsókn vegna sótnæmra sjúkdóma:

- Mið- og Suður Ameríku, þ.m.t. Mexíkó
- Löndum í Evrópu sem eru utan evrópska efnahagssvæðisins (EES)
- Asíu
- Afríku

Nemendur sem koma frá eftirtöldum ríkjum þurfa hins vegar ekki að framvísa læknisvottorði:

- Löndum innan EES
- Sviss
- Bandaríkjunum
- Kanada

- Ástralíu
- Nýja Sjálandi

Verklagsreglur um læknisrannsókn á fólki sem flyst til Íslands má finna hér: <http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item31084/Endurskoðaðar%20verklagsreglur26.01.2017.pdf>

Göngudeild Sóttvarna annast heilbrigðisskoðun innflytjenda og gefur út heilbrigðisvottorð þeim til handa sem sækja um atvinnu- og dvalarleyfi á Íslandi. Hægt er að panta tíma í skoðun í síma 585-1390 alla virka daga frá klukkan 8:30 – 16:00.

<https://www.heilsugaeslan.is/serthjonusta/gongudeild-sottvarna/#Tab1>

## 8.2 Stöðumat

Stöðumat er samvinnuverkefni skólajónustu Árborgar, Hafnarfjarðar og Reykjanesbæjar. Efnið var þýtt og staðfært og prufukeyrt í þátttökuskólum sveitarfélaganna.

Upprunalega stöðumatið er hýst á vefsíðu Menntamálastofnunar Svíþjóðar:

<https://www.skolverket.se/bedomningsstod-och-kartlaggningsmaterial#/search?q=kartl%C3%A4ggning>

Efni stöðumatsins á íslensku er aðgengilegt til útprentunar á vefsíðu Menntamálastofnunar: <https://mms.is/stodumat-fyrir-erlenda-nemendur>.

Markmiðið með stöðumatinu er að styðja við vinnu skólanna varðandi mat á þekkingu nemenda af erlendum uppruna þannig að skólinn geti undirbúið og aðlagð kennsluna að þörfum nemandans og þekkingargrunni hans.

Allir nemendur af erlendum uppruna tala eitt eða fleiri tungumál og geta gegnum tungumálið sýnt þekkingu sína og sagt frá reynslu sinni. Hæfni nemandans í að lesa og skrifa ýmiss konar texta á mismunandi formi og eiga í samskiptum við aðra er mikilvæg í öllum námsgreinum. Tungumálið hefur einnig félagslegt og merkingarlegt hlutverk í náminu.

### 8.2.1 Stöðumat fyrir grunnskóla

Skólastjóri ber ábyrgð á framkvæmd stöðumatsins og ákveður hver leggur matið fyrir. Stöðumatið er lagt fyrir á því tungumáli sem nemandinn skilur, helst á því tungumáli sem nemandinn er sterkastur í. Það getur verið móðurmál nemandans en það getur líka verið annað eða þriðja tungumálið sem nemandinn hefur lært innan eða utan heimilis.

Efnið inniheldur:

Stig 1: tungumál nemandans og reynsla hans

Stig 2: þekking nemandans í nokkrum mikilvægum þáttum náms – læsi og talnaskilningi

Stig 3: þekking nemandans í öðrum námsgreinum (er í undirbúningi)



## 9 Leikskólahluti

### 9.1 Móttökuferli í leikskólum v/nemanda með fjölmennningarlegan bakgrunn



### 9.1.1 Innritun

Við innritun í leikskóla Árborgar er æskilegt að upplýsa skólaþjónustu um komu nemanda með fjölmenningarlegan bakgrunn. Leikskólastjóri ákveður á hvaða deild barnið fer og deildarstjóri er upplýstur um komu barnsins.

### 9.1.2 Móttökuviðtal

- Deildarstjóri ákveður hvenær aðlögun hefst og hver sjái um aðlögun barnsins.
- Ákveðinn er tími fyrir móttökuviðtal sem þarf að undirbúa mjög vel.
- Fyrsta viðtal fer fram með forsjáraðilum ásamt túlki, deildarstjóra og/eða sérkennslustjóra. Aðkoma kennsluráðgjafa í fjölmenningu ef þörf er á.
- Gott er að nýta eyðublað fyrir bakgrunnsupplýsingar í *fylgiskjali 2* og/eða eyðublað sem leikskóli notar í fyrsta viðtali við foreldra. Gátlisti fyrir móttökuviðtalið er í *fylgiskjali 1*.  
Ekki þarf að nota allar spurningar sem eru í *fylgiskjöllum 1 og 2* í fyrsta viðtali, gott að geyma einhverjar í eftirfylgniviðtöl.  
Mikilvægt er að afhenda foreldrum afrit af gátlistanum.
- Í móttökuviðtali þarf að gefa foreldrum/forsjáraðilum sem bestar upplýsingar um leikskólann en þó verður að hafa í huga að of mikið upplýsingaflæði skilar sér ekki alltaf.
- Gott er að bjóða foreldrum blað og penna til að punkta hjá sér ef þau vilja.
- Í lok viðtals er ákveðinn tími fyrir næsta viðtal (eftir 6-8 vikur) og er þá staðan skoðuð með tilliti til líðan barnsins og hvernig áframhald leikskólagöngunnar verður.
- Eftir móttökuviðtal er mikilvægt að deildarstjóri upplýsi þá starfsmenn sem koma til með að sinna barninu um það sem skiptir máli.

### 9.1.3 Eftirfylgd

Eftir u.þ.b. sex til átta vikur er tímabært að taka annað viðtal við foreldra/forsjáraðila. Deildarstjóri þarf að taka stöðuna á líðan barnsins og upplifun foreldra/forsjáraðila í nýjum leikskóla. Það samtal þarf að sníða að hverri og einni fjölskyldu.

Mikilvægt er að fylgjast með framförum nemenda til að fullvíst sé að þeir séu að þróa íslenskufærni sína í samræmi við getu og aðstæður. Umfang og aðferðir við matið skulu þó vera í samræmi við markmið og kennslu eins og lagt hefur verið upp með í einstaklingsnámskrá viðkomandi nemanda.

Í hverjum leikskóla þarf teymi sem hefur það hlutverk að hafa yfirsýn yfir hvernig nemendum með fjölmenningarlegan bakgrunn gengur í námi og félagslega. Í slíkum teyimum skiptir máli að séu stjórnendur leikskólans og kennsluráðgjafi í fjölmenningu og að þeir fundi reglulega.

#### 9.1.4 Foreldrasamstarf

Mikilvægt er að foreldrar/forsjáraðilar séu reglulega upplýstir um líðan og námslega stöðu barna sinna og um leiðir til að aðstoða börn sín í námi ef þarf. Kennsluráðgjafi í fjölmenningu í samstarfi við sérkennslustjóra tekur ráðgjafarviðtal við foreldra fjöltyngdra barna á fyrsta ári barnsins í leikskóla. Leikskólinn sendir beiðni til skólalátnustu.

#### 9.1.5 Innritun í grunnskóla

Á heimasíðu Árborgar má finna netföng allra grunnskóla Árborgar á einum stað. Þar geta foreldrar séð myndir og heiti skólanna til að afla sér upplýsinga um sinn hverfisskóla. Linkur á netfangasíðu grunnskólanna er hér: <https://www.arborg.is/ibuar/skolar-og-daggaesla/grunnskolar>

### 9.2 Hvað er hægt að gera í leikskólanum áður en barnið kemur?

Góður undirbúningur fyrir komu barna með annað tungumál skiptir miklu máli.

Mikilvægt er að starfsfólk skólanna sæki námskeið og fræðist um vinnu með fjöltyngdum nemendum og temji sér um leið fordómaleysi og jákvæðni gagnvart fjölbreyttri menningu og mismunandi uppruna nemenda sinna. Einnig er mikilvægt að kennarar í skólunum afli sér aukinnar þekkingar á kennslu íslensku sem annars tungumáls. Áður en barn hefur leikskólagöngu er brýnt að allir starfsmenn á deildinni kynni sér leiðir fyrir barnið til að skilja og gera sig skiljanlegt. Það er hægt að gera á ýmsan hátt t.d.:

- undirbúa myndrænt skipulag sem tengist athöfnum og viðfangsefnum í daglegu starfi leikskólans
- nota tákni með tali
- búa til myndræna samskiptabók milli leikskóla og heimilis, leikskóli og heimili skiptast á myndum af nánasta umhverfi barnsins, sem eykur skilning og tengsl milli heimilis og skóla
- læra nokkur ákveðin lykilorð á móðurmáli barnsins

Mikilvægt er að leggja áherslu á öryggi og vellíðan barnsins. Barn sem kemur inn í nýtt málumhverfi þarf sveigjanleika og tíma til að aðlagast nýjum og ókunnum aðstæðum og ná góðum tengslum við starfsfólk deildarinnar.

### 9.3 Málörvun

Leikskólinn gegnir lykilhlutverki í íslenskunámi tvítyngdra barna og allir starfsmenn leikskólanna eru mikilvægir í kennslu í íslensku sem öðru máli.

Hugmyndir:

- **Velkomin spjald** á ýmsum tungumálum við innganginn í leikskólann
- Leggja áherslu á myndrænt nám fyrir orðaforða og lesskilning, tengja texta og mynd
- Veitið börnunum hlutverk og tækifæri til að aðstoða í samstarfi við börnin á deildinni (t.d. borðþjónn, veðurfræðingur)

- **Orðaspjallsaðferð** gefur möguleika á því að auðga sögustundir og gefur börnum tækifæri til þess að læra ný og fjölbreytt orð sem ekki verða á vegi þeirra í daglegu tali. Orðaspjall á að framkvæma með það í huga að börn læri ekki ný orð eingöngu með því að heyra þau, heldur einnig með því að ræða um orðið, heyra það og nota í fjölbreyttu samhengi.
- **Lubbi finnur málbein** er kennsluefni sem byggir á að læra máhljóðin, stafina og orðaforða á lifandi hátt í gegnum texta, leik og tónlist.
- **Lærum og leikum með hljóðin** er kennsluefni fyrir máhljóð, stafi og orðaforða. Það byggir einnig á fjölbreyttum aðferðum til að efla framburð, hljóðamyndun og hlustun.
- **Sól-bækurnar**, í þeim eru hugmyndir og tillögur að leikjum til að styrkja og efla ákveðna þætti málproska.
- **Þemavinna**, til dæmis könnunaraðferðin, þar sem unnið er út frá fyrir fram ákveðnu verkefni eða hugtaki þar sem orðakennsla er höfð að leiðarljósi. Þekking barnsins er dýpkuð á tilteknu viðfangsefni.
- Leiklist, söngur og annað tjáningarform sem vekur áhuga barnanna.
- Setja orð á alla hluti og athafnir.
- **Gefðu 10 - 10 mínútna reglan**, hver starfsmaður setji sér það markmið að tala við hvert barn í að minnsta kosti 10 mínútur á dag: [https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2019/02/Gefdu\\_10\\_Baeklingur\\_Frida\\_rvik.pdf](https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2019/02/Gefdu_10_Baeklingur_Frida_rvik.pdf)
- **Fjöltýngissamskiptabók**, bók sem fer reglulega milli heimilis og skóla, er byggð á áhugasviði, upplifun og reynslu barnsins í daglegu lífi.
- Mikilvægt er að starfsmenn séu meðvitaðir um að tala á eðlilegan hátt við barnið án þess að hækka röddina eða einfalda málið of mikið.
- Leggja áherslu á samskipti og samræður allra í leik og starfi.
- Upplýsa foreldra um bækur og efni sem verið er að lesa í leikskólanum. Hvetja til lesturs og samræðna um bækur og myndir á heimamáli.
- **Bókaormurinn** er ein leið til að tengja heimili og skóla í gegnum lestur.
- **Orðaforðalisti Menntamálastofnunar** er hugtakalisti sem hægt er að hafa til hliðsjónar þegar unnið er að orðaforðaeftingu með börnum á leikskólaaldri: <https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/ordafordalisti/>
- **Orðaleikur** er námsefni sem getur nýst á fjölbreyttan hátt í leikskólastarfi og fyrir alla sem vilja læra einfaldar aðferðir til að efla orðanám barna. Námsefnið miðar að því að kenna grunnorðaforða íslenskunnar á fjölbreyttan hátt og mynda þannig krækjur til að kenna flóknari orð <https://ordaleikur.msha.is/>
- **Tungumál er gjöf** er stuðningsefni fyrir leikskólakennara til að skipuleggja starfið með börnunum í leikskólanum og styðja foreldra við að efla mál og læsi barna sinna á heimavelli. <https://www.tungumalergjof.com/>
- **Leitið að skilaboðum í barnabókum** gátlisti sem hægt er að nota við að meta


barnabækur út frá fjölmennigarlegu sjónarhorni

[https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skiol/allir\\_med/leit\\_ad\\_skilabodum\\_i\\_barnabokum.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skiol/allir_med/leit_ad_skilabodum_i_barnabokum.pdf)



## 10 Grunnskólahluti

### 10.1 Móttökuferli í grunnskólum v/nemanda með fjölmennigarlegan bakgrunn



### 10.1.1 Innritun

Við innritun í grunnskóla Árborgar er æskilegt að upplýsa skólaþjónustu um komu nemanda með fjölmennningarlegan bakgrunn.

- Farið er eftir fyrirfram ákveðinni móttökuáætlun við móttöku nemandans.
- Skólastjórnendur ákveða í hvaða bekk/árgang nemandi fer og upplýsa umsjónarkennara og kennara í íslensku sem öðru máli um að von sé á nýjum nemanda.
- Umsjónarkennari í samstarfi við deildarstjóra fjölmenningardeildar/kennara í íslensku sem öðru tungumáli ákveður tíma fyrir móttökuvíðtal og hvenær aðlögun hefst.
- Deildarstjóri viðkomandi stigs tilkynnir jafnframt öðrum kennurum sem koma að nemandanum í skólanum og í hvaða bekk/árgang hann fer.

### 10.1.2 Móttökuvíðtal

Víðtal er tekið við:

- Nemendur með fjölmennningarlegan bakgrunn sem búnir eru að vera í leikskóla á Íslandi og fara í 1. bekk
- Nemendur með fjölmennningarlegan bakgrunn sem eru nýkomnir til landsins. Foreldrar ásamt nemanda eru upplýstir um að það verði lagt stöðumat fyrir nemanda. Blað (*fylgiskjal 6*) "*Velkomin í íslenskt skólakerfi*"  
[https://mms.is/sites/mms.is/files/3. velkomin\\_i\\_islenskt\\_skolakerfi.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/3. velkomin_i_islenskt_skolakerfi.pdf)
- nemendur með fjölmennningarlegan bakgrunn sem hafa búið á Íslandi og flytja á milli grunnskóla. Skólastjórnendur taka ákvörðun um það eftir þörfum.

Móttökuvíðtalið sitja foreldrar/forsjáraðilar, nemandi, túlkur og umsjónarkennari ásamt deildarstjóra fjölmenningardeildar/kennara í íslensku sem öðru máli sem sjá um móttöku nemandans. Aðkoma kennsluráðgjafa í fjölmenningu ef þörf er á. Fundur er ekki síðar en degi áður en nemandi byrjar í skólanum. Móttökuvíðtal þarf að undirbúa vel.

- Undirbúningur móttökuvíðtals: Upplýsingar sem skólinn vill gefa og vill fá, sjá *fylgiskjal 3*
- Bakgrunnsupplýsingar um nemandann ef mögulegt er, sjá *fylgiskjal 4*
- Kynna fyrir nemanda og foreldrum að gerð verði kennsluáætlun og sér stundatafla þar sem fram kemur hvernig stuðningi er háttað
- Ákveðinn er fundartími eftirfylgnifundar eftir fjórar til sex vikur, sjá *fylgiskjal 5* og er þá staða nemandans skoðuð með tilliti til þess hvernig honum líður og hvernig áframhaldið er hugsað hvað varðar kennslu nemandans.

Eftir móttökuvíðtal er mjög mikilvægt að umsjónarkennari upplýsi alla þá kennara sem koma til með að kenna nýja nemandanum um allt það sem skiptir máli. Sundkennarar þurfa t.d. að vita hvort nemandinn er ósyndur eða vatnshræddur.



### 10.1.3 Stöðumat

Í grunnskólum Árborgar er stöðumat lagt fyrir nýja nemendur af erlendum uppruna og fyrir íslenska nemendur sem hafa búið erlendis lengur en 4 ár.

- Mat á þekkingu nemandans þarf að fara fram fljótlega, í síðasta lagi tveimur mánuðum frá því tekið er á móti nemandanum í skólann.
- Það er á ábyrgð skólastjóra að kennarar og annað starfsfólk þekki og fylgi framkvæmd stöðumatsins. Skólastjóri þarf einnig að sjá til þess að nemendum bjóðist nám á meðan á stöðumatinu stendur.
- Stöðumatsviðtalið er áætlað að hámarki 70 mínútur með túlki. Viðtölin eru samtals þrjú og er áætlað að þau taki 3x70 mínútur.
- Stöðumatið er lagt fyrir á tungumáli sem nemandinn skilur, helst á því tungumáli sem nemandinn er sterkastur í.
- Túlkunin getur farið fram í skólanum, gegnum síma eða með fjarfundabúnaði. Það er mikilvægt að túlkurinn sé vel undirbúinn og hafi fengið upplýsingar um efnið fyrirfram t.d. kemur hálf tíma fyrir.

Mikilvægt er að vinna í teyrum (skólastjóri, kennari í íslensku sem öðru tungumáli, deildarstjóri stoðþjónustu, sérkennari) og ákveða hverjir munu sjá um að leggja matið fyrir.

#### **Stöðumat stig 1 og 2 geta lagt fyrir:**

- Kennari í íslensku sem öðru máli ásamt túlki
- Deildarstjóri stoðþjónustu ásamt túlki
- Tví- og fjöltyngdur kennari
- Sérkennari til að meta nemendur með sérþarfir

Fjöltyngdir kennarar/starfsmenn eru mikilvæg auðlind í fyrirlögninni. Þeir þekkja íslenska skólakerfið og geta skilið fyrri reynslu nemandans. Þessi þekking fjöltyngdra kennara getur auðveldað nemandanum að segja frá fyrri reynslu.

Sá sem leggur stöðumatið (stig 2, læsi og talnaskilningur) fyrir þarf að skilja og túlka svar nemandans og koma með réttar viðbótarspurningar þannig að nemandinn fái möguleika á að sýna þekkingu sína.

#### **Stig 3 geta lagt fyrir: (er í undirbúningi)**

- Faggreinakennari ásamt túlki.
- Tví- og fjöltyngdur kennari
- Sérkennari til að meta nemendur með sérþarfir

Sá sem leggur stöðumatið stig 3 fyrir þarf faggreinaþekkingu til að geta metið, skilið og túlkað svar nemandans og komið með réttar viðbótarspurningar þannig að nemandinn geti sýnt þekkingu sína.

Niðurstöðum úr viðtölum þarf að skila til umsjónarkennara og mikilvægt er að stofna teymi og skipuleggja í framhaldi stöðufundi ásamt foreldrum, nemanda, umsjónarkennara og túlk ef þarf. Aðkoma kennsluráðgjafa í fjölmenningu ef þörf er á. Kennsluáætlun eða einstaklingsáætlun og markmiðssetning verður auðveldari með öllum upplýsingum sem komu fram í viðtölum.

#### 10.1.4 Aðlögun hefst/nemandi mætir í skólann

Nemandi mætir í skólann samkvæmt stundatöflu sem afhent er í móttökuiðtali. Hann kemur á skrifstofuna en þar tekur skólastjórnandi og/eða kennari í íslensku sem öðru tungumáli á móti honum. Nemandi mætir í skólann samkvæmt skipulagi sem hefur verið ákveðið. Umsjónarkennari undirbýr bekkinn fyrir komu nýs nemanda.

#### 10.1.5 Nám og kennsla

Mikilvægt er að foreldrar fái upplýsingar um Mentor kerfi strax í móttökuiðtali ásamt leiðbeiningum um hvernig þeir geti skráð veikindi og fylgst með hvernig börnum þeirra gengur í skólanum. Mikilvægt er að umsjónarkennari bekkjarins undirbúi komu nemenda með fjölmenningarlegan bakgrunn og upplýsi jafnframt foreldra. Gott er að nýta haustfund með foreldrum, eða nota tölvupóst ef sá fundur er liðinn, og athuga hvort einhverjir foreldrar í bekknum hefðu áhuga á að vera vinaforeldrar fjölskyldu með fjölmenningarlegan bakgrunn í bekknum og aðstoða hana við að lesa skilaboð frá skólanum, segja þeim frá viðburðum á vegum foreldra o.fl. Þá væri hægt að bjóða erlendum fjölskyldum slík tengsl ef þær hefðu hug á því.

Gott er að nota móttökuverkfærið *Velkomin* þegar nýr nemandi með fjölmenningarlegan bakgrunn kemur í bekkinn: <http://tungumalatorg.is/velkomin/> Það þarf að skipuleggja nám og kennslu út frá niðurstöðum stöðumats og byggja á styrkleikum nemandans.

- Nemendur ættu að vera í almennum bekk í öllum námsgreinum sem þeir ráða við og fá til þess nauðsynlegan stuðning, t.d. snjalltæki og/eða aðkomu kennara sem talar móðurmál nemandans.
- Stuðningstímar með áherslu á grunnorðaforða og orðaforða skólamáls, ÍSAT kennsla.
- Samvinna og samstarf allra kennara sem koma að nemandanum er mjög mikilvæg.
- Mat á stöðu nemenda þarf alltaf að vera í samræmi við það námsefni sem lagt er til grundvallar.
- Endurskoða þarf kennslu- og einstaklingsáætlanir reglulega.
- Hafa þarf í huga að nemendur með stutta/brotakennda skólagöngu að baki geta þurft stuðning til lengri tíma.

Nauðsynlegt er að ræða dönskunám eða undanþágu frá því sjá *fylgiskjal 7*. Athugið að ef nemendur læra ekki dönsku í grunnskóla þarf að huga að því varðandi framhaldsskóla.

#### 10.1.6 Eftirfylgd og langtímastuðningur

Þegar nemandinn hefur verið í bekknum í ákveðinn tíma, t.d. 4 – 5 vikur er gott að umsjónarkennari og deildarstjóri fjölmenningardeildar/kennari í íslensku sem öðru tungumáli taki stöðuna á náminu og líðan nemandans og upplifun í nýjum skóla og boði nemanda og foreldra í viðtal. Það samtal þarf að sníða að hverri og einni fjölskyldu en til er

eyðublað (*fylgiskjal 5*) sem nýta má. Í þessu viðtali er upplagt að fara yfir möguleika til frístunda og kynna frístundastyrk og frístundaakstur Árborgar.

Mikilvægt er að fundir séu skipulagðir fram í tímann og haldnir reglulega, t.d. á 6-8 vikna fresti á fyrsta ári nemanda í skólanum. Kennsluráðgjafi í fjölmenningu hefur umsjón með kennslu nýkominna nemenda með fjölmennningarlegan bakgrunn og er til stuðnings fyrir kennara, foreldra og nemanda. Æskilegt er að senda ráðgjafabeiðni til kennsluráðgjafa í fjölmenningu á fyrsta ári skólagöngu nemandans.

Nauðsynlegt er að hafa kennsluáætlun til að tryggja stuðning og eftirfylgni við nemandann og hans framfarir. Kennsla skal skipulögð í samræmi við hæfniviðmið.

„Hæfnirammarnir eru þrepaskiptir og lýsa stigvaxandi hæfni nemenda í íslensku sem öðru tungumáli. Römmunum er ætlað að lýsa hæfni sem krafist er í notkun íslensku á öllum sviðum tungumálanáms. Hæfnirammarnir miða ekki við aldur nemandans heldur stöðu hans í íslensku. Þó má gera ráð fyrir að yngri nemendur fylgi viðmiðum í íslensku sem öðru tungumáli í skemmri tíma en þeir eldri“ (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011 ).

Í hverjum grunnskóla þarf teymi sem hefur það hlutverk að hafa yfirsýn yfir hvernig nemendum með fjölmennningarlegan bakgrunn gengur í námi og félagslega. Í teyminu þurfa að vera stjórnendur skólans, kennsluráðgjafi í fjölmenningu, kennari í íslensku sem öðru tungumáli og funda reglulega.

#### 10.1.7 Innritun í framhaldskóla

Inni á vef fræðsluvið Akureyrar <https://erlendir.akmennt.is/index.php/2020/05/07/skil-milli-grunnskola-og-framhaldsskola/> má finna eyðublöð (á bls. 5-6) sem kennarar og námsráðgjafar geta notað til að skila upplýsingum um nemanda milli skólastiga. Þar er bæði hægt að fylla inn upplýsingar um hve lengi nemandi hefur verið á Íslandi, hvaða aðstoð hann hefur fengið, upplýsingar um tungumál foreldra, óskir um túlkabjónustu og fleira.

Byggjum brú frá grunnskóla til framhaldsskóla:

[https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2020/03/Byggjum-bru\\_17.03.20.pdf](https://erlendir.akmennt.is/wp-content/uploads/2020/03/Byggjum-bru_17.03.20.pdf).

Aðkoma kennsluráðgjafa í fjölmenningu ef þörf er á.

#### 10.2 Hvað er hægt að gera í skólanum áður en nemandinn kemur?

Góður undirbúningur fyrir komu barna með annað tungumál skiptir miklu máli. Mikilvægt er að starfsfólk skólanna sækji námskeið og fræðist um vinnu með fjöltyngdum nemendum sem byggir á jákvæðni gagnvart fjölbreyttri menningu og mismunandi uppruna nemenda sinna. Einnig er mikilvægt að kennarar í skólunum afli sér aukinnar þekkingar á kennslu íslensku sem annars tungumáls.

Áður en barn hefur grunnskólagöngu er brýnt að allir starfsmenn sem koma að nemandanum á hverju skólastigi kynni sér leiðir fyrir nemandann til að skilja og gera sig skiljanlegan.

Það er hægt að gera á ýmsan hátt t.d.:

- Undirbúa skipulag sem tengist athöfnum og viðfangsefnum í daglegu starfi skólans.
- Læra nokkur ákveðin lykilorð á móðurmáli nemandans.
- Mikilvægt er að leggja áherslu á öryggi og vellíðan nemandans. Nemandi sem kemur í nýtt málumhverfi þarf sveigjanleika og tíma til að aðlagast nýjum og ókunnum aðstæðum og ná góðum tengslum í skólaumhverfinu.
- Mikilvægt er að vanda vel til verka í undirbúningi áður en nemandinn kemur í hópinn/bekkin. Það er hægt að gera á ýmsan máta eins og að ræða um heimalandið, finna landið á landakorti og ræða um tungumál og menningu. Þó ber að gæta þess að ýta ekki undir staðalmyndir.
- Gott getur verið að æfa hvernig nafn nemandans er borið fram.
- Það er mikilvægt að aðrir nemendur reyni að leggja sig fram um að vera góðir vinir og vera til staðar. Ágætt er að mynda vinatými sem skiptist á að fylgja nýja nemandanum fyrstu dagana í skólanum, t.d. verkefnið „Tveir í takt“ <https://fraedsluskot.wixsite.com/heim/skjoel>
- Minna þarf nemendur og kennara á að tala frekar íslensku en ensku við nemandann því þannig lærir hann íslenskuna.
- Það getur hjálpað nemandanum að setja myndir við nöfn allra á borðin þeirra.
- Orðabók með mikilvægum orðum og setningum sem nýst geta nemandanum fyrstu dagana er eitthvað sem nemendur gætu útbúið með aðstoð umsjónarkennara.
- Gott er að merkja hluti í skólanum til að auðvelda nemandanum að læra íslensku.
- Velja sæti þar sem kennari nær auðveldlega til nemanda.
- Hvernig veistu að þú tilheyrir. Aðferð 1-2-allir, myndband <https://biteable.com/watch/2808456/8b77d92e2aa630a14a2b6a8c26635c0b1986e694>

### 10.3 Hugmyndir að kennslu

- „**Velkomin**“ spjald á ýmsum tungumálum við innganginn í skólann og einnig í kennslustofum
- **Námsefni sem er myndrænt** en sem jafnframt hæfir aldri viðkomandi. Myndræn tenging við texta og námsefni er mikilvæg til að byggja upp orðaforða og hjálpa nemendum að skilja það námsefni sem þau eru að vinna með.
- **Á vefsíðum** <https://erlendir.akmennt.is/> og <http://fjolmenning.kopavogur.is/grunnskolar/sjonraent-efni/> er að finna ýmislegt sjónrænt efni sem hægt er að nýta sér.
- **Orð vikunnar**, hér geta nemendur komið með orð á sínu tungumáli og á þennan hátt læra nemendur tungumál hver annars og kennari sýnir tungumálum áhuga.
- **Nýta bækur á mörgum tungumálum** sem eru aðgengilegar rafrænt eða á bókasöfnum t.d. bókasafn skólans, bókasafn móðurmáls <https://www.facebook.com/bokasafnmodurmals/>

- **Rafræn tæki og námsmöguleikar á netinu.** Með notkun spjaldtölvu geta nemendur nýtt sér móðurmál sitt til skilnings á því efni sem þeim er ætlað að læra, t.d. námsbækur á pólsku <https://epodreczniki.pl/>.
- Mikilvægt er að útbúa banka með rafrænum bókum á fjölbreyttum tungumálum.
- **Rasmus**, verkefni í stærðfræði á mörgum tungumálum [http://rasmus.is/?fbclid=IwAR1GQ45Lnt25Prvdt\\_KckfvaGwTdTZz7fHk4zbv1InITRC9De\\_1cDRffkWM](http://rasmus.is/?fbclid=IwAR1GQ45Lnt25Prvdt_KckfvaGwTdTZz7fHk4zbv1InITRC9De_1cDRffkWM).
- Þróa **samvinnuaðferðir** (t.d. PALS).
- Búa til **tvítyngdar orðabækur**. Kennari/nemandi skrifar á hverjum degi 1 eða 2 orð á íslensku. Foreldrar/barn skrifar á hverjum degi þýðingu orðsins á sínu tungumáli/heimatungumáli, tala um merkingu orðsins. Til að efla og auka skilning getur nemandi „teiknað“ orð (ef mögulegt er), klippt og límt mynd eða skrifað setningu o.fl. Orðabók er alltaf í lestrarmöppu. Orð eru valin eftir getu og aðstæðum/námsefni hverju sinni. Markmiðið með orðabókinni er að auðga íslenskan orðaforða og styðja virkt tvítyngi.
- **Orðaforðalisti Menntamálastofnunar** er hugtakalisti sem hægt er að hafa til hliðsjónar þegar unnið er að orðaforðaeflingu með börnum á leikskólaaldri en hentar einnig börnum á yngsta stigi skólans <https://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/ordafordalisti/>.
- **Orðaleikur** er námsefni sem getur nýst á fjölbreyttan hátt í skólastarfi og fyrir alla sem vilja læra einfaldar aðferðir til að efla orðanám barna. Námsefnið miðar að því að kenna grunnorðaforða íslenskunnar á fjölbreyttan hátt og mynda þannig krækjur til að kenna flóknari orð <https://sites.google.com/view/ordaleikur/heim>
- **Sjónrænn orðaforði.** Menntamálastofnun hefur útbúið verkefnið og aðferðir til að efla sjónrænan orðaforða en þar er að finna nokkrar tillögur að því hvernig þjálfma má lestur orðmynda. Verkefnið er að finna á vef stofnunarinnar <https://mms.is/frettir/sjonraenn-ordafordi>
- **Orð af orði** er kennsluáðferð sem hefur að markmiði að efla læsi og námsárangur grunnskólabarna <https://hagurbal.weebly.com/>
- **Leitið að skilaboðum í barnabókum**, gátlisti til þess að nota við að meta barnabækur út frá fjölmenningslegu sjónarhorni [https://reykiavik.is/sites/default/files/yms\\_kjol/allir\\_med/leit\\_ad\\_skilabodum\\_i\\_barnabokum.pdf](https://reykiavik.is/sites/default/files/yms_kjol/allir_med/leit_ad_skilabodum_i_barnabokum.pdf)
- **Leikur að íslenskum orðum** – hentar öllum byrjendum [http://vefir.mms.is/lao\\_is/](http://vefir.mms.is/lao_is/)
- **Orðasjóður** <http://vefir.mms.is/ordasjodur/index.htm> <http://www.ismennt.is/not/thorri/aframislenska.htm>
- **Íslenska fyrir alla 1, 2, 3 og 4** <http://tungumalatorg.is/ifa/>
- „Viltu læra íslensku?“ - Sjónvarpsþættir og æfingar: [http://tungumalatorg.is/viltu\\_laera\\_islensku/](http://tungumalatorg.is/viltu_laera_islensku/)
- **Paxel** <http://paxel123.com/> hentar vel fyrir yngstu nemendur og byrjendur

- **Málfræðibókin mín** (3 hefti) er samin fyrir börn með annað móðurmál en íslensku sem hafa náð allgóðri færni í íslensku máli. Er einkum ætluð nemendum á mið- og unglíngastigi.
- **Krakkavefur mms.is** <https://mms.is/krakkavefir> Leikur að íslenskum orðum, Stafaleikir Bínu, Stafaleikir Búa, Stafaplánetur, Samhljóðar í himingeimnum, Lestur er leikur – Gott að nýta þessa vefi í byrjendakennslu.
- **Íslenskunám** <https://islenskunaman.is/>
- **Orðaveggur**  
[https://laesisvefurinn.is/wp-content/uploads/2020/01/ordaveggur\\_2020.pdf](https://laesisvefurinn.is/wp-content/uploads/2020/01/ordaveggur_2020.pdf)
- **Moka Mera Lingua** er smáforrit sem er ætlað fyrir ung börn til að læra tungumál en einnig er hægt að nota það fyrir eldri börn til auka orðaforða í nýju tungumáli. Forritið er gjaldfrjálst og hægt að nálgast í App store og Play store. Tungumálin sem eru í boði eru: Sænska, finnska, norska, danska, íslenska, enska, franska, úkraínska, spænska, þýska, rússneska, arabíska og kínverska (mandarín)  
<https://mokamera.com/is/opp/moka-mera-lingua/>

## 11 Hagnýtar vefsíður

- **Vefsíðan Fjölmennning í Árborg** á þremur tungumálum: ensku, íslensku og pólsku. Hér eru mikilvægar upplýsingar um Árborg, samfélagið, atvinnu, menntun og heilsu  
<https://fjolmenning.arborg.is/>
- **Inni á vef fræðsluviðs Akureyrarbæjar** er að finna mikið af hagnýtu efni:  
<http://erlendir.akmennt.is/>
- **Inn á vef Kópavogs um fjölmenningu og íslensku sem annað mál** hefur verið safnað námsefni og öðrum upplýsingum á nokkrum tungumálum  
<http://fjolmenning.kopavogur.is/>
- **Fræðsluskot** eru aðferðir eða hagnýt verkfæri fyrir alla kennara sem starfa í fjölmenningarlegu kennsluumhverfi - <http://fraedsluskot.wixsite.com/heim>
- **Allir með en enginn eins** – fjölmennning í leikskóla - <http://reykjavik.is/allir-med>
- **Einn leikskóli – mörg tungumál.** Leiðarvísir um skráningu á framförum barna í íslensku sem öðru máli  
[https://reykjavik.is/sites/default/files/einn\\_leiksk\\_li\\_moerg\\_tungum\\_l\\_skr\\_ning\\_fra\\_mfoerum.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/einn_leiksk_li_moerg_tungum_l_skr_ning_fra_mfoerum.pdf)
- **Verkefni af leikskólanum Krílakoti á Dalvík** til að efla foreldrasamskipti  
<https://www.dalvikurbyggd.is/krilakot/verkefni/soguskjodur>
- **Samtök Móðurmál** <https://www.facebook.com/Modurmal/> sinna móðurmálskennslu fyrir börn frá leikskólaaldri og rétt er að benda foreldrum á það.
- **Orðabók** <https://www.malid.is/>
- **Beygingarlýsing íslensks nútímamáls** <https://bin.arnastofnun.is/leit/hun>

- **Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt tvítyngi**  
<https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skyrslur/stakt-rit/2020/10/26/Leiðarvísir-um-stuðning-vid-modurmal-og-virkt-fjolyngi-i-skola-og-fristundastarfi/>
- **Drög að stefnu - Menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn**  
<https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Dr%C3%B6g%20a%C3%B0%20stefnu%20menntun%20barna%20og%20ungmenna%20me%C3%B0%20fj%C3%B6lbreyttan%20tungum%C3%A1la-%20og%20menningarbakgrunn%20260520.pdf>
- **Miðja máls og læsis** <https://mml.reykjavik.is/>
- **Verkfaerakista Reykjavíkuborg** <https://menntastefna.is/verkfaerakista/>
- **Kötluvefurinn** sem er að finna inn á síðunni [tungumalatorg.is](http://tungumalatorg.is). En á þeirri síðu er að finna námsefni sem stuðlar að því að auka orða orðaforða barn með annað móðurmál en íslensku <http://tungumalatorg.is/katla/>
- **Snjallskóli** vefurinn heldur utan um smáforrit sem er gott að nota í kennslu. Á vefnum kemur fram að tilgangurinn með vefnum er að safna og miðla upplýsingum til kennara og nemenda <https://snjallskoli.is/>
- **Út fyrir bókina** hér er að finna mikið af fjölbreyttum verkefnum fyrir nemendur. Verkefnin eru gerð af þeim Snjólaugu Árnadóttur og Unni Líf Ingadóttir Imsland. Verkefnin eru aðgengileg og aðlaðandi fyrir yngstu nemendurnar <https://utfyrirbokina.is>
- **Sen Teacher** hér má gera orðasúpur á íslensku og ensku, búa til myndaspjöld og orðaskífur, prenta út bingó og klukkur og margt fleira <https://www.senteacher.org/>

## 12 Fjölmenningatrymi Árborgar (2021-2022)

Margarita Hamatsu, deildarstjóri, Álfheimar

Margrét Harpa Jónsdóttir, sérkennslustjóri, Álfheimar

Harpa Dan Þorgeirsdóttir, aðstoðaleikskólastjóri, Árbær

Harpa Kristín Hlökkversdóttir, sérkennslustjóri, Árbær

Margrét Björk Björgvinsdóttir, sérkennslustjóri, Goðheimar

Katarzyna Ciechanowska, kennari, Goðheimar

Jensína Gísladóttir, sérkennslustjóri, Hulduheimar

Júlíana Auðunsdóttir, deildarstjóri, Hulduheimar

Guðný Guðjónsdóttir, yfirproskapjálfi, Jötunheimar

Pascale Cécile Darricau, kennari, Jötunheimar

Tinna Björg Kristinsdóttir, aðstoðaleikskólastjóri, Strandheimar

Anna Stefanía Erlendsdóttir, kennari, BES

Rakel Ýr Gunnlaugsdóttir, kennari, BES

Þórhildur Daðadóttir, sérkennari, BES

Hildur Bjargmundsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu, Stekkjaskóli

María Ósk Ólafsdóttir, sérkennari og kennari ÍSAT, Stekkjaskóli

Guðrún Ósk Guðjónsdóttir, kennari ÍSAT, Sunnulækjarskóli

Ragnheiður Gísladóttir, kennari ÍSAT, Sunnulækjarskóli

Guðbjörg S. Kristjánsdóttir, deildarstjóri stoðþjónustu, Sunnulækjarskóli

Anna Linda Sigurðardóttir, deildarstjóri fjölmennningardeildar, Vallaskóli

Gísli Guðjónsson, kennari ÍSAT, Vallaskóli

Sigurður Halldór Jesson, kennari ÍSAT, Vallaskóli

Sigprúður Harðardóttir, kennari FSu

Sólveig Sigmarsdóttir, kennari, FSu

Tinna Björk Helgadóttir, fulltrúi frístundaheimila

Dagbjört Harðardóttir, fulltrúi félagsmiðstöðvar

Guðný Ingibjörg Rúnarsdóttir, leikskólaráðgjafi, Fjölskyldusvið Árborgar

Anna Katarzyna Wozniczka, verkefnastjóri í málefni flóttamanna, Fjölskyldusvið Árborgar

Aneta Figlarska, kennsluráðgjafi í fjölmenningu, Fjölskyldusvið Árborgar



## Heimildaskrá

- August, D., Carlo, M., Dressler, C. og Snow, C. (2005). The critical role of vocabulary development for English language learners. *Learning Disabilities Research and Practice*, 20(1), 50–57.
- Amalía Björnsdóttir, Ingibjörg Símonardóttir og Jóhanna Einarsdóttir. (2003). Þróun HLJÓM-2 og tengsl þess við lestrarfærni og ýmsa félagslega þætti. *Uppeldi og menntun*, 12(1), 9–30.
- Aukrust, V. G. og Rydland, V. (2011). Preschool classroom conversations as long-term resources for second language and literacy acquisition. *Journal of Applied Developmental Psychology*, 32(4), 198–207.  
doi:10.1016/j.appdev.2011.01.002
- Aðalnámskrá grunnskóla 2011/2021.
- Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna. (e.d.). <https://www.barnasattmali.is/>
- Brynja E. Halldórsdóttir. (2016). Ég er að fara á fund með þessari stúlku þarna. Í Dóra Bjarnason, Hermína Gunnarsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *Skóli margbreytileikans*. Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca (bls. 185–207). Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar og Háskólaútgáfan.
- Cain, K. (2010). *Reading development and difficulties*. Blackwell.
- Castro, M., Expósito-Casas, E., López-Martín, E., Lizasoain, L., Navarro-Asencio, E. og Gaviria, J. L. (2015). Parental involvement on student academic achievement: A meta analysis. *Educational Research Review*, 14, 33–46.  
<https://oa.mg/work/10.1016/J.EDUREV.2015.01.002>
- Cummins, J. (2001). Bilingual children's mother tongue: Why is it important for education? *Sprogforum*, 19, 15–20.
- Edda Óskarsdóttir, Hermína Gunnþórsdóttir, Birna M. Svanbjörnsdóttir og Rúnar Sigþórsson. (2021). Framkvæmd stefnu um menntun fyrir alla á Íslandi: Viðhorf skólafólks og tillögur um aðgerðir. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*.  
<https://doi.org/10.24270/netla.2021.7>
- Elín Þöll Þórðardóttir. (2007). Móðurmál og tvítyngi. Í Hanna Ragnarsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir, Magnús Þorkell Bernharðsson (ritstjórar), *Fjölmennning á Íslandi* (bls. 101–128). Rannsóknarstofa í fjölmenningsfræðum KHÍ og Háskólaútgáfan.
- Erla Lind Þórisdóttir. (2017). *Orðaþröskuldur íslenskra grunnskólanemenda á miðstigi: Hlutfall þekktra orða í náttúrufræðitexta og lesskilningur*. Skemman.  
<https://skemman.is/handle/1946/28485>
- Hanna Ragnarsdóttir og Fríða B. Jónsdóttir. (2016). Aðgengi tví- og fjöltyngdra barna að menntun á Íslandi. Í Dóra S. Bjarnason, Hermína Gunnþórsdóttir og Ólafur Páll Jónsson (ritstjórar), *Skóli margbreytileikans*. Menntun og manngildi í kjölfar Salamanca (bls. 157–184). Rannsóknastofa um skóla án aðgreiningar og Háskólaútgáfan.
- Hart, B. og Risley, T. R. (1995). *Meaningful differences in the everyday experience of young American children*. Paul H. Brookes.

- Hermína Gunnþórsdóttir, Stéphanie Barillé og Markus Meckl. (2017). Nemendur af erlendum uppruna: Reynsla foreldra og kennara af námi og kennslu. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 26(1-2), 21–41. <https://ojs.hi.is/tuuom/article/view/2685/1447>
- Laufer, B., og Ravenhorst-Kalovski, G. C. (2010). Lexical threshold revisited: Lexical text coverage, learners' vocabulary size and reading comprehension. *Reading in a Foreign Language*, 22(1), 15–30.
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2019). *Menntun fyrir alla – horft fram á veginn*. Höfundur. [https://www.msha.is/static/files/skyrslur/mfa\\_horft-fram-a-vegin\\_starfshops\\_vefur.pdf](https://www.msha.is/static/files/skyrslur/mfa_horft-fram-a-vegin_starfshops_vefur.pdf)
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2020). *Drög að stefnu. Menntun barna og ungmenna með fjölbreyttan tungumálaog menningarbakgrun*. Höfundur. [https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Dr%C3%B6g%20a%C3%B0%20stefnu\\_menntun%20barna%20og%20ungmenna%20me%C3%B0fj%C3%B6lbreyttan%20tungum%C3%A1la-%20og%20menningarbakgrunn\\_260520.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/MRN/Dr%C3%B6g%20a%C3%B0%20stefnu_menntun%20barna%20og%20ungmenna%20me%C3%B0fj%C3%B6lbreyttan%20tungum%C3%A1la-%20og%20menningarbakgrunn_260520.pdf)
- Nicoladis, E. og Genesee, F. (1997). Language development in preschool bilingual children. *Journal of Speech-Language Pathology and Audiology*, 21(4), 258–270. <https://era.library.ualberta.ca/items/7190a613-9131-43d9-afd5-a6741570c4fd>
- OECD. (2015). Immigrant students at school easing the journey to integration. [https://read.oecd-ilibrary.org/education/immigrant-students-at-school\\_9789264249509-en#page1](https://read.oecd-ilibrary.org/education/immigrant-students-at-school_9789264249509-en#page1)
- Saxton, M. (2010). *Child language: Acquisition and development*. Sage.
- Sigríður Ólafsdóttir og Ástrós Þóra Valsdóttir. (2022). Málleg samskipti starfsmanna við börn með íslensku sem annað mál og börn með íslensku sem móðurmál. *Netla - veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2022/alm/01.pdf>
- Sigríður Ólafsdóttir og Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2010). Íslenskur orðaforði íslenskra grunnskólanema sem eiga annað móðurmál en íslensku. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. <https://skemman.is/handle/1946/7850>
- Slee, R. (2011). *The irregular school, Exclusion, schooling and inclusive education*. Routledge.

## 13 Fylgiskjöl

13.1 Gátlisti fyrir móttökuiðtal við foreldra/forsjáraðila barns með fjölmennningarlegan bakgrunn (leikskólar)

13.2 Móttökuiðtal í leikskólum (bakgrunnsupplýsingar)

13.3 Gátlisti fyrir móttökuiðtal við foreldra/forsjáraðila barns með fjölmennningarlegan bakgrunn (grunnskólar)

13.4 Móttökuiðtal í grunnskólum (bakgrunnsupplýsingar)

13.5 Móttaka nemenda með fjölmennningarlegan bakgrunn - eftirfylgniviðtal

13.6 Stöðumat "Velkomin í íslenskt skólakerfi"

13.7 Undanþága frá námi í erlendu tungumáli

13.8 Aðalnámskrá grunnskóla 2011 – kaflar 7.12, 7.13, 7.14 og 19.3

13.8.1 Hæfniviðmið fyrir íslensku sem annað tungumál

13.9 Viðmiðunarstundatafla í íslensku sem öðru tungumáli (ÍSAT)

13.1 Gátlisti fyrir móttökuvíðtal við foreldra/forsjáraðila barns með fjölmennningarlegan bakgrunn

**Leikskólar**

Gátlisti fyrir móttökuvíðtal við foreldra/forsjáraðila barns með fjölmennningarlegan bakgrunn

Viðtal við: \_\_\_\_\_ dags: \_\_\_\_\_

Upplýsingar frá leikskólanum	Afhenda	Lokið
Dvalarsamningur útfylltur, forsjáraðili fær afhent afrit dvalarsamnings.		
Aðlögun í leikskóla		
Myndræn samskiptabók		
<ul style="list-style-type: none"> <li>○ Skóladagatal</li> <li>○ Dagskipulag</li> <li>○ Matmálstímar í leikskólanum</li> <li>○ Útivist</li> <li>○ Vinnureglur varðandi tilkynningar um veikindi</li> <li>○ Viðmið hvenær barnið kemur aftur í leikskólann eftir veikindi o.fl.</li> <li>○ Upplýsingar um hvað þarf að fylgja barninu í leikskólann</li> <li>○ Reglur og venjur í sambandi við afmæli, ferðalög o.fl.</li> </ul>		
Hvert framhaldið verður á samskiptum heimilis og skóla <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Símanúmer og netfang skólans</li> <li>○ Símanúmer deildar og netfang deildarstjóra</li> <li>○ Kynning á starfsfólki skólans sem mun vinna mest með barnið, tengiliður leikskólans við fjölskylduna</li> <li>○ Foreldrafundir og foreldraviðtöl og mæting á slíka fundi</li> <li>○ Hlutverk foreldra</li> </ul>		
Skólanámskrá, stefna skólans og helstu áherslur		
Vistunartímar, breytingar á vistunartíma og gjaldskrá		
Proskapróf og skimanir sem gerðar eru í leikskólanum		
Foreldrafélag, hlutverk og starfsemi		
Bæklingar <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Leikskólar</li> <li>○ Grunnskólar</li> <li>○ Sveitarfélagið Árborg</li> <li>○ Vefsíða - Fjölmennning í Árborg <a href="https://fjolmenning.arborg.is/">https://fjolmenning.arborg.is/</a></li> </ul>		

Verklag vegna barna með fjölmennningarlegan bakgrunn í viðkomandi leikskóla <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Túlkaþjónusta</li> <li>○ Kennsluráðgjafi í fjölmenningu</li> </ul>		
Ungbarnaeftirlit og skoðanir á heilsugæslu		
Tannlæknir (upplýsingablað)		
Frístundastarf og frístundastyrkur í sveitarfélaginu fyrir börn á leikskólaaldri		
Ákveða tíma í eftirfylgniviðtal eftir 6-8 vikur		

<b>Upplýsingar frá foreldrum</b>	<b>Lokið</b>
Spurningarnar sem eru á <i>fylgiskjali 2</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Tungumál</li> <li>○ Fyrri skólaganga</li> <li>○ Málþroski og læsi</li> <li>○ Foreldrasamstarf</li> <li>○ Notkun snjalltækja</li> <li>○ Félagsleg staða</li> <li>○ Styrkleikar og áhugamál</li> <li>○ Væntingar til leikskólans</li> </ul>	
Símanúmer foreldra/upplýsingar um hvernig megi ná sambandi á leikskólatíma	
Tengiliður fjölskyldunnar sé hann til staðar	
Nöfn og símanúmer þeirra sem mega sækja barnið í leikskólann	
Helstu siðir og venjur í fjölskyldu	
Heilsufar, lyfjataka, hreinlætisvenjur, matar- og svefnvenjur, o.fl.	
Fyrirliggjandi greiningar í sambandi við þroska, hegðun o.fl. ef einhverjar eru	

### **Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga**

Sveitarfélagið Árborg, sem er ábyrgðaraðili vinnslunnar, safnar persónuupplýsingum um leikskóla frá foreldrum, leikskóla og eftir atvikum frá öðrum leikskólum eða öðrum aðilum, í þeim tilgangi að meta þörf barns fyrir stuðning í skóla og til að tryggja að kennsla og móttaka barns með fjölmennningarlegan bakgrunn sé sem faglegust og í samræmi við markmið laga um leikskóla nr. 90/2008, sbr. einkum 2. gr. laganna. Heimild til vinnslu framangreindra persónuupplýsinga grundvallast á lagaskyldu, sbr. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Um er að ræða persónuupplýsingar er varða bakgrunn nemenda, skólagöngu, heilsufar, þroskamat, læsi, félagslega stöðu og tengiliðaupplýsingar frá foreldum.

Árborg er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Af þeim sökum er Árborg óheimilt að farga nokkru nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem Árborg safnar afhentar héraðsskjalasafni Árnesinga að þrjátíu árum liðnum.

Einstaklingar njóta ákveðins réttar samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, svo sem réttar til að vera upplýstir um vinnslu, réttar til að aðgangs að gögnum, réttar til að fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar, réttar til að persónuupplýsingum verði eytt, réttar til að hindra að unnið verði með persónuupplýsingar um þá, réttar til að andmæla vinnslu og réttar til flytja eigin gögn. Hafa skal í huga að réttindi einstaklinga eru ekki alltaf fortaklaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum.

Hafi einstaklingar frekari spurningar um hvernig Árborg meðhöndlar upplýsingar eða um réttindi sín, geta þeir ávallt beint fyrirspurnum til persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins. Sá aðili er Sigríður Vilhjálmsdóttir, lögrfræðingur á stjórnsýslusviði, og hægt er að hafa samband með því að senda erindi á [personuvernd@arborg.is](mailto:personuvernd@arborg.is)

Dragi einstaklingar í efa að Árborg meðhöndli persónuupplýsingar þeirra í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, hafa þeir rétt til að senda inn erindi til Persónuverndar ([www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)).

Nánari upplýsingar um meðferð Árborgar á persónuupplýsingum má sjá í persónuverndarstefnu sem aðgengileg er inni á heimasíðu sveitarfélagsins [www.arborg.is](http://www.arborg.is)

### **Staðfesting á kynningu á meðferð persónuupplýsinga hjá Sveitarfélaginu Árborg**

Það staðfestist hér með að ég hef kynnt mér upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga vegna móttökuvíðtals í leikskóla.

**Undirskrift forsjáraðila:**

---

**Undirskrift þátttakenda fundarins:**

## 13.2 Móttökuvíðtal í leikskólum (bakgrunnsupplýsingar)

### Móttökuvíðtal í leikskólum (*bakgrunnsupplýsingar*)

Viðtal við: \_\_\_\_\_ dags: \_\_\_\_\_

#### Grunnupplýsingar

1. Fæddist barnið á Íslandi?

---

2. Tungumál foreldra og heimatungumál

---

---

3. Hvaða ár kom barnið til Íslands?

---

4. Frá hvaða landi er barnið að koma?

---

#### Tungumál og fyrri reynsla

##### Tungumál

5. Hvaða tungumál kann barnið?

---

---

6. Hvert er sterkasta tungumál barnsins?

---

7. Hvaða tungumál notið þið í fjölskyldunni?

---

---

8. Í hvaða aðstæðum notar barnið þitt ákveðin tungumál - komið með dæmi

---

---

9. Hvernig styrkja foreldrar móðurmálið á heimilinu? S.s. með því að lesa fyrir barnið, segja því sögur, kenna því markvisst orðaforða, kenna því stafina o.fl.

---

---

---

### Fyrri leikskólaganga

10. Hefur barnið verið í leikskóla?

---

11. Ef já, hvað var barnið gamalt þegar það byrjaði í leikskóla?

---

12. Hvað hefur barnið verið mörg ár í leikskóla?

---

13. Hvar hefur barnið verið í leikskóla (land/lönd, staður á Íslandi)?

---

14. Hvaða tungumál var notað í leikskólanum?

---

15. Hefur leikskólagangan verið samfelld?

---

16. Hve mikil er kunnátta foreldra á íslensku skólakerfi?

---



### Málþroski og læsi:

17. Hvernig meta foreldrar málþroska barnsins?

---

18. Getur barnið sagt í samfelldu máli frá einhverju sem það hefur upplifað?

---

19. Getur barnið lýst hlut eða fyrirbæri á þann hátt að aðrir skilji?

---

20. Sýnir barnið áhuga á því sem aðrir segja?

---

21. Skilur barnið einföld fyrirmæli?

---

22. Hefur barnið áhuga á bókum? Hlustar barnið á sögur?

---

23. Getur barnið tekið þátt í umræðum um texta og myndir?

---

24. Getur barnið tjáð sig með því að teikna myndir?

---

25. Getur barnið skrifað bókstafi eða tákn?

---

26. Sýnir barnið áhuga á bókstöfum?

---

27. Kann barnið að skrifa eigið nafn?

---

### Foreldrasamstarf í fyrri leikskóla

28. Hvernig var starfinu í leikskólanum háttað?

---

29. Hvaða samband höfðu foreldrar við leikskólann?

---

30. Hvernig fór aðlögun fram?

---

31. Hvaða hlutverk höfðu foreldrar í leikskólanum?

---

32. Tóku foreldrar þátt í leikskólagöngu barnsins?

---

### Notkun snjalltækja

33. Hvernig er notkun snjalltækja háttað?

---

34. Hve lengi og hvaða tæki er barnið að nota (síma, sjónvarp, i-pad, tölva, leikjatölva)?

---

### Félagsleg staða

35. Hvernig meta foreldrar félagslega stöðu barnsins?

---

36. Tengist/tengdist barnið einhverjum sérstökum aðila í leikskólanum, t.d. öðru barni eða starfsmanni? Talar það um viðkomandi heima?

---

---

### **Styrkleikar og áhugamál**

37. Hvaða styrkleika telja foreldrar barnið hafa sem leikskólinn ætti að vita um?

---

---

38. Hefur barnið einhver sérstök áhugamál sem foreldrar telja að það geti nýtt sér í leikskólanum?

---

---

### **Væntingar til leikskólans**

39. Hvernig líður foreldrum með að barnið sé að byrja í íslenskum leikskóla?

---

40. Á hvaða hátt gæti leikskólinn verið líkur eða ólíkur leikskólanum sem það var í áður?

---

---

41. Hverjar eru væntingar foreldra til leikskólagöngu barns síns?

---

---

### **Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga**

Sveitarfélagið Árborg, sem er ábyrgðaraðili vinnslunnar, safnar persónuupplýsingum um leikskóla frá foreldrum, leikskóla og eftir atvikum frá öðrum leikskólum eða öðrum aðilum, í þeim tilgangi að meta þörf barns fyrir stuðning í skóla og til að tryggja að kennsla og móttaka barns með fjölmennningarlegan bakgrunn sé sem faglegust og í samræmi við markmið laga um leikskóla nr. 90/2008, sbr. einkum 2. gr. laganna. Heimild til vinnslu framangreindra persónuupplýsinga grundvallast á lagaskyldu, sbr. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Um er að ræða persónuupplýsingar er varða bakgrunn nemenda, skólagöngu, heilsufar, þroskamat, læsi, félagslega stöðu og tengiliðaupplýsingar frá foreldum.

Árborg er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Af þeim sökum er Árborg óheimilt að farga nokkru nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem Árborg safnar afhentar héraðsskjalasafni Árnesinga að þrjátíu árum liðnum.

Einstaklingar njóta ákveðins réttar samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, svo sem réttar til að vera upplýstir um vinnslu, réttar til aðgangs að gögnum, réttar til að fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar, réttar til að persónuupplýsingum verði eytt, réttar til að hindra að unnið verði með persónuupplýsingar um þá, réttar til að andmæla vinnslu og réttar til að flytja eigin gögn. Hafa skal í huga að réttindi einstaklinga eru ekki alltaf fortakslaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum.

Hafi einstaklingar frekari spurningar um hvernig Árborg meðhöndlar upplýsingar eða um réttindi sín, geta þeir ávallt beint fyrirspurnum til persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins. Sá aðili er Sigríður Vilhjálmsdóttir, lögrfræðingur á stjórnarsýslusviði, og hægt er að hafa samband með því að senda erindi á [personuvernd@arborg.is](mailto:personuvernd@arborg.is)  
Dragi einstaklingar í efa að Árborg meðhöndli persónuupplýsingar þeirra í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, hafa þeir rétt til að senda inn erindi til Persónuverndar ([www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)).

Nánari upplýsingar um meðferð Árborgar á persónuupplýsingum má sjá í persónuverndarstefnu sem aðgengileg er inni á heimasíðu sveitarfélagsins [www.arborg.is](http://www.arborg.is)

### **Staðfesting á kynningu á meðferð persónuupplýsinga hjá Sveitarfélaginu Árborg**

Það staðfestist hér með að ég hef kynnt mér upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga vegna móttökuvíðtals í leikskóla.

**Undirskrift forsjáraðila:**

---

**Undirskrift þátttakenda fundarins:**

### 13.3 Gátlisti fyrir móttökuviðtal við foreldra/forsjáraðila barns með fjölmennningarlegan bakgrunn

#### Grunnskólar

Gátlisti fyrir móttökuviðtal við foreldra/forsjáraðila barns með fjölmennningarlegan bakgrunn

Viðtal við: \_\_\_\_\_ dags: \_\_\_\_\_

Upplýsingar frá grunnskólanum	Afhenda	Lokið
Innritun í skólann, stöðumat ( <i>fylgiskjal 6</i> )		
Aðlögun		
Stundaskrá nemanda		
Hvert framhaldið verður á samskiptum heimilis og skóla <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Símanúmer og netfang skólans</li> <li>○ Vefsíða skólans</li> <li>○ Símanúmer og netfang umsjónarkennara, deildarstjóra fjölmenningardeildar/kennara í íslensku sem öðru tungumáli</li> <li>○ Foreldrafundur og foreldraviðtöl og mæting á slíka fundi</li> <li>○ Hlutverk foreldra</li> </ul>		
Upplýsingar um hvað þarf að fylgja nemanda í grunnskólanum		
Upplýsingar um skólann <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Skóladagatal</li> <li>○ Frímínútur</li> <li>○ Útivist á skólatíma</li> <li>○ Nesti/ofnæmi</li> <li>○ Námsgreinar</li> <li>○ Íþróttakennsla</li> <li>○ Sundkennsla</li> <li>○ Skólareglur</li> <li>○ Mætingareglur (veikindi, leyfi)</li> <li>○ Matseðill</li> <li>○ Foreldrafélagið</li> <li>○ Skólabíll</li> </ul>		
Kynna Mentor, afhenda lykilorð		
Bæklingar <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Grunnskólar</li> <li>○ Sveitarfélagið Árborg</li> <li>○ Velkomin í íslenskt skólakerfi (<i>fylgiskjal 6</i>)</li> <li>○ Vefsíða - Fjölmennning í Árborg <a href="https://fjolmenning.arborg.is/">https://fjolmenning.arborg.is/</a></li> </ul>		

Skráning í mótuneyti		
Skráning á frístundaheimili (nemendur í 1. til 4. bekk)		
Frístundastarf og frístundastyrkur í sveitarfélaginu fyrir börn á grunnskólaaldri		
Verklag vegna nemenda með fjölmennningarlegan bakgrunn í viðkomandi grunnskóla <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Stuðningur (ÍSAT)</li> <li>○ Túlkaþjónusta</li> <li>○ Orðalistar</li> <li>○ Námsfni</li> <li>○ Kennsluráðgjafi í fjölmenningu, ráðgjöf</li> </ul>		
Nauðsynlegt að ræða dönskunám eða undanþágu frá því sjá <i>fylgiskjal 7</i> .		
Tannlæknir (upplýsingablað)		
Ákveða tíma fyrir eftirfylgniviðtal eftir 4-6 vikur ( <i>fylgiskjal 5</i> )		

<b>Upplýsingar frá foreldrum</b>	Lokið
Spurningarnar sem eru á <i>fylgiskjali 4</i> <ul style="list-style-type: none"> <li>○ Tungumál</li> <li>○ Fyrri skólaganga</li> <li>○ Málþroski og læsi</li> <li>○ Foreldrasamstarf</li> <li>○ Notkun snjalltækja</li> <li>○ Félagsleg staða</li> <li>○ Styrkleikar og áhugamál</li> <li>○ Væntingar til skólans</li> </ul>	
Símanúmer foreldra	
Tengiliður fjölskyldunnar sé hann til staðar	
Helstu siðir og venjur í fjölskyldu	
Heilsufar, lyfjataka, hreinlætisvenjur o.fl.	
Fyrirliggjandi greiningar í sambandi við þroska, hegðun o.fl. ef einhverjar eru	

### **Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga**

Sveitarfélagið Árborg, sem er ábyrgðaraðili vinnslunnar, safnar persónuupplýsingum um grunnskólabörn frá foreldrum grunnskólabarna og eftir atvikum frá leikskólum eða öðrum aðilum, í þeim tilgangi að meta þörf barns fyrir stuðning í skóla og til að tryggja að kennsla og móttaka barns með fjölmennningarlegan bakgrunn sé í samræmi við ákvæði 16. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Heimild til vinnslu framangreindra persónuupplýsinga grundvallast á lagaskyldu, sbr. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Um er að ræða persónuupplýsingar er varða bakgrunn nemenda, skólagöngu, málþroska, læsi, félagslega stöðu og tengiliðaupplýsingar frá foreldrum.

Árborg er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Af þeim sökum er Árborg óheimilt að farga nokkru nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem Árborg safnar afhentar héraðsskjalasafni Árnesinga að þrjátíu árum liðnum.

Einstaklingar njóta ákveðins réttar samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, svo sem réttar til að vera upplýstir um vinnslu, réttar til aðgangs að gögnum, réttar til að fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar, réttar til að persónuupplýsingum verði eytt, réttar til að hindra að unnið verði með persónuupplýsingar um þá, réttar til að andmæla vinnslu og réttar til flytja eigin gögn. Hafa skal í huga að réttindi einstaklinga eru ekki alltaf fortakslaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum.

Hafi einstaklingar frekari spurningar um hvernig Árborg meðhöndlar upplýsingar eða um réttindi sín, geta þeir ávallt beint fyrirspurnum til persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins. Sá aðili er Sigríður Vilhjálmisdóttir, lögfræðingur á stjórnarsýslusviði og hægt er að hafa samband með því að senda erindi á [personuvernd@arborg.is](mailto:personuvernd@arborg.is).

Dragi einstaklingar í efa að Árborg meðhöndli persónuupplýsingar þeirra í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, hafa þeir rétt til að senda inn erindi til Persónuverndar ([www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)).

Nánari upplýsingar um meðferð Árborgar á persónuupplýsingum má sjá í persónuverndarstefnu sem aðgengileg er inni á heimasíðu sveitarfélagsins [www.arborg.is](http://www.arborg.is)

### **Staðfesting á kynningu á meðferð persónuupplýsinga hjá Sveitarfélaginu Árborg**

Það staðfestist hér með að ég hef kynnt mér upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga vegna móttökuvíðtals í grunnskóla.

**Undirskrift forsjáraðila:**

---

**Undirskrift þátttakenda fundarins:**

## 13.4 Móttökuviðtal í grunnskólum (bakgrunnsupplýsingar)

### Grunnskólar

#### Móttökuviðtal í grunnskólum (*bakgrunnsupplýsingar*)

Viðtal við: \_\_\_\_\_ dags: \_\_\_\_\_

#### Grunnupplýsingar

1. Fæddist nemandinn á Íslandi?

---

2. Tungumál foreldra

---

3. Hvaða ár kom nemandinn til Íslands?

---

4. Frá hvaða landi er nemandinn að koma?

---

#### Tungumál

5. Hvaða tungumál kann nemandi?

---

6. Hvert er sterkasta tungumál nemandans?

---

7. Hvað tungumál notið þið í fjölskyldunni?

---

8. Í hvaða aðstæðum notar barnið þitt ákveðin tungumál - komið með dæmi

---



9. Hvernig styrkja foreldrar móðurmálið á heimilinu? S.s. með því að lesa fyrir barnið, segja því sögur, kenna því markvisst orðaforða, kenna því stafina o.fl.

---

---

### Fyrri skólaganga

10. Hefur nemandi verið í leikskóla eða grunnskóla?

---

11. Ef já, hvað var nemandi gamall þegar hann byrjaði í leikskóla/grunnskóla?

---

12. Hvað hefur nemandi verið mörg ár í leikskóla/grunnskóla?

---

13. Hvar hefur nemandi verið í leikskóla/grunnskóla (land/lönd)?

---

14. Hvaða tungumál var notað í leikskólanum/grunnskólanum?

---

15. Hefur leikskólagangan/grunnskólagangan verið samfelld?

---

16. Hve mikil er kunnátta foreldra á íslensku skólakerfi?

---

### Málþroski og læsi:

17. Hvernig meta foreldrar málþroska nemandans?

---

18. Getur nemandi sagt í samfelldu máli frá einhverju sem hann hefur upplifað?

---

19. Getur nemandi lýst hlut eða fyrirbæri á þann hátt að aðrir skilji?

---

---

20. Getur nemandi tekið þátt í umræðum um texta og myndir?

---

21. Getur nemandi endursagt atburðarás?

---

22. Getur nemandi skrifað bókstafi eða tákn?

---

### **Foreldrasamstarf**

23. Hvernig var starfinu í grunnskólanum háttað?

---

24. Hvaða samband höfðu foreldrar við grunnskólann?

---

25. Hvaða hlutverk höfðu foreldrar í grunnskólanum?

---

26. Tóku foreldrar þátt í grunnskólagöngu nemandans?

---

### **Notkun snjalltækja**

27. Hvernig er notkun snjalltækja háttað?

---

28. Hve lengi og hvaða tæki er barnið að nota (síma, sjónvarp, i-pad, tölva, leikjatölva)?

---

### Félagsleg staða

29. Hvernig meta foreldrar félagslega stöðu nemandans?

---

30. Tengist/tengdist barnið einhverjum sérstökum aðila, t.d. öðru barni?

---

### Styrkleikar og áhugamál

31. Hvaða styrkleika telja foreldrar nemanda hafa sem grunnskólinn ætti að vita um?

---

32. Hefur nemandi einhver sérstök áhugamál sem hann gæti nýtt sér í grunnskólanum?

---

### Væntingar til grunnskólans

33. Hvernig líður foreldrum með að barnið sé að byrja í íslenskum grunnskóla?

---

---

34. Á hvaða hátt gæti grunnskólinn verið líkur eða ólíkur grunnskólanum sem það var í áður?

---

35. Hverjar eru væntingar foreldra til grunnskólagöngu barns síns?

---

---

---

### **Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga**

Sveitarfélagið Árborg, sem er ábyrgðaraðili vinnslunnar, safnar persónuupplýsingum um grunnskólabörn frá foreldrum grunnskólabarna og eftir atvikum frá leikskólum eða öðrum aðilum, í þeim tilgangi að meta þörf barns fyrir stuðning í skóla og til að tryggja að kennsla og móttaka barns með fjölmennningarlegan bakgrunn sé í samræmi við ákvæði 16. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Heimild til vinnslu framangreindra persónuupplýsinga grundvallast á lagaskyldu, sbr. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Um er að ræða persónuupplýsingar er varða bakgrunn nemenda, skólagöngu, málþroska, læsi, félagslega stöðu og tengiliðaupplýsingar frá foreldum.

Árborg er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Af þeim sökum er Árborg óheimilt að farga nokkru nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem Árborg safnar afhentar héraðsskjalasafni Árnesinga að þrjátíu árum liðnum.

Einstaklingar njóta ákveðins réttar samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, svo sem réttar til að vera upplýstir um vinnslu, réttar til aðgangs að gögnum, réttar til að fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar, réttar til að persónuupplýsingum verði eytt, réttar til að hindra að unnið verði með persónuupplýsingar um þá, réttar til að andmæla vinnslu og réttar til flytja eigin gögn. Hafa skal í huga að réttindi einstaklinga eru ekki alltaf fortaklaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum.

Hafi einstaklingar frekari spurningar um hvernig Árborg meðhöndlar upplýsingar eða um réttindi sín, geta þeir ávallt beint fyrirspurnum til persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins. Sá aðili er Sigríður Vilhjálmisdóttir, lögfræðingur á stjórnarsýslusviði, og hægt er að hafa samband með því að senda erindi á [personuvernd@arborg.is](mailto:personuvernd@arborg.is)

Dragi einstaklingar í efa að Árborg meðhöndli persónuupplýsingar þeirra í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, hafa þeir rétt til að senda inn erindi til Persónuverndar ([www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)).

Nánari upplýsingar um meðferð Árborgar á persónuupplýsingum má sjá í persónuverndarstefnu sem aðgengileg er inni á heimasíðu sveitarfélagsins [www.arborg.is](http://www.arborg.is)

### **Staðfesting á kynningu á meðferð persónuupplýsinga hjá Sveitarfélaginu Árborg**

Það staðfestist hér með að ég hef kynnt mér upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga vegna móttökuvíðtals í grunnskóla.

**Undirskrift forsjáraðila:**

---

**Undirskrift þátttakenda fundarins:**

## 13.5 Móttaka nemanda með fjölmennningarlegan bakgrunn - eftirfylgniviðtal

### Grunnskólar

#### Móttaka nemanda með fjölmennningarlegan bakgrunn - eftirfylgniviðtal (Áhersla er á upplifun og líðan nemanda)

Viðtal við: \_\_\_\_\_ Dags.: \_\_\_\_\_

**Þættir sem kennari í íslensku sem öðru tungumáli skoðar og hefur á hreinu fyrir eftirfylgniviðtalið**

- **Mætingar og stundvísi**
- **Hvernig gengur félagslega**
- **Niðurstöður stöðumatsins**
- **Er nemandinn skráður í mötuneytið**
- **Er nemandi skráður í frístund ef við á**

**Ræða ofangreind atriði þar sem ástæða er til.**

1. Hvernig líður þér í bekknum/skólanum?

\_\_\_\_\_

2. Hvernig fannst þér að flytja til Íslands?

\_\_\_\_\_

3. Ert þú í sambandi við vini eða fjölskyldu í heimalandi þínu, t.d. á netinu?

\_\_\_\_\_

4. Áttu vini hér sem eru frá heimalandi þínu?

\_\_\_\_\_

5. Áttu íslenska vini?

\_\_\_\_\_

6. Þekkir þú aðra krakka í skólanum?

\_\_\_\_\_

7. Stundaðir þú íþróttir eða tókst þátt í frístundastarfi í heimalandi þínu?

---

---

8. Hefur þú áhuga á að taka þátt í íþróttum eða frístundastarfi hér?

---

9. Hefur þú áhuga á að taka þátt í starfi félagsmiðstöðvarinnar?

---

10. Hefur þú farið í sund? Já \_\_\_\_\_ nei \_\_\_\_\_

11. Hefur þú lært að synda? Já \_\_\_\_\_ nei \_\_\_\_\_

12. Finnst þér gaman í skólasundi? Já \_\_\_\_\_ nei \_\_\_\_\_

13. Finnst þér gaman í íþróttum? Já \_\_\_\_\_ nei \_\_\_\_\_

14. Finnst þér gaman í frístund? Já \_\_\_\_\_ nei \_\_\_\_\_

15. Finnst þér gaman að lesa? Já \_\_\_\_\_ nei \_\_\_\_\_

---

16. Lestu á móðurmáli þínu, íslensku eða á öðru tungumáli?

---

17. Hefur þú heimsótt bókasafn Árborgar?

---

18. Annað sem nemandi/foreldrar vilja að komi fram

---

---

---

### **Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga**

Sveitarfélagið Árborg, sem er ábyrgðaraðili vinnslunnar, safnar persónuupplýsingum um grunnskólabörn frá foreldrum grunnskólabarna og eftir atvikum frá leikskólum eða öðrum aðilum, í þeim tilgangi að meta þörf barns fyrir stuðning í skóla og til að tryggja að kennsla og móttaka barns með fjölmennningarlegan bakgrunn sé í samræmi við ákvæði 16. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla. Heimild til vinnslu framangreindra persónuupplýsinga grundvallast á lagaskyldu, sbr. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Um er að ræða persónuupplýsingar er varða bakgrunn nemenda, skólagöngu, málþroska, læsi, félagslega stöðu og tengiliðaupplýsingar frá foreldum.

Árborg er afhendingarskyldur aðili samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Af þeim sökum er Árborg óheimilt að farga nokkru nema með heimild þjóðskjalavarðar. Almennt eru þær persónuupplýsingar sem Árborg safnar afhentar héraðsskjalasafni Árnesinga að þrjátíu árum liðnum.

Einstaklingar njóta ákveðins réttar samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, svo sem réttar til að vera upplýstir um vinnslu, réttar til aðgangs að gögnum, réttar til að fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar, réttar til að persónuupplýsingum verði eytt, réttar til að hindra að unnið verði með persónuupplýsingar um þá, réttar til að andmæla vinnslu og réttar til flytja eigin gögn. Hafa skal í huga að réttindi einstaklinga eru ekki alltaf fortaklaus og kunna að vera háð ýmsum skilyrðum.

Hafi einstaklingar frekari spurningar um hvernig Árborg meðhöndlar upplýsingar eða um réttindi sín, geta þeir ávallt beint fyrirspurnum til persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins. Sá aðili er Sigríður Vilhjálmisdóttir, lögfræðingur á stjórnsýslusviði, og hægt er að hafa samband með því að senda erindi á [personuvernd@arborg.is](mailto:personuvernd@arborg.is)

Dragi einstaklingar í efa að Árborg meðhöndli persónuupplýsingar þeirra í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, hafa þeir rétt til að senda inn erindi til Persónuverndar ([www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is)).

Nánari upplýsingar um meðferð Árborgar á persónuupplýsingum má sjá í persónuverndarstefnu sem aðgengileg er inni á heimasíðu sveitarfélagsins [www.arborg.is](http://www.arborg.is)

### **Staðfesting á kynningu á meðferð persónuupplýsinga hjá Sveitarfélaginu Árborg**

Það staðfestist hér með að ég hef kynnt mér upplýsingar um meðferð persónuupplýsinga vegna eftirfylgniviðtals í grunnskóla.

**Undirskrift forsjáraðila:**

---

**Undirskrift þátttakenda fundarins:**

## 13.6 Stöðumat



### Velkomin í íslenskt skólakerfi!

Við sem vinnum í skólanum viljum gjarnan kynnast þér. Þú munt eiga nokkur viðtöl við okkur þar sem þú færð að segja frá sjálfri/sjálfum þér, hvað þú getur og hverju þú hefur áhuga á. Í öllum viðtölunum verður einhver sem talar þitt tungumál og hjálpar okkur að skilja hvort annað. Hvert viðtal tekur rúman klukkutíma. Þú munt þurfa að svara spurningum og gera nokkur verkefni en þetta er ekki próf og þú þarft ekki að undirbúa þig fyrir viðtölin.

Í fyrsta viðtali máttu gjarnan hafa mömmu þína eða pabba eða einhvern annan fullorðinn með þér. Við munum spyrja þig hvaða tungumál þú talar, um skólagöngu þína og áhugamál. Kennarinn mun einnig segja þér frá nýja skólanum þínum og hvernig það er að ganga í skóla á Íslandi.

Hin viðtölin munu snúast um lestur, skrift og talnaskilning og hvernig þú hugsar þegar þú leysir verkefni.

Eftir viðtölin munum við kennararnir undirbúa kennsluna sem þú færð í skólanum. Skólastjórinn mun ákveða í hvaða nemendahóp þú ferð.

Skolverket

[https://mms.is/sites/mms.is/files/3.\\_velkomin\\_i\\_islenskt\\_skolakerfi.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/3._velkomin_i_islenskt_skolakerfi.pdf)



## 13.7 Undanþága frá námi í erlendu tungumáli

### Undanþága frá námi í erlendu tungumáli

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 16. grein, er kveðið á um möguleika nemenda með íslensku sem annað tungumál til undanþágu í erlendu tungumáli. Í stað þess er kunnáttu og færni nemanda í móðurmáli metin sem hluti af tungumálakunnáttu nemandans: „Nemendur með annað móðurmál en íslensku eiga rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Með kennslunni er stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda og að þeir geti stundað nám í grunnskólum og tekið virkan þátt í íslensku samfélagi. Grunnskólum er heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.“

Ég samþykki hér með að barni mínu: \_\_\_\_\_

Kt. \_\_\_\_\_

verði veitt undanþága frá \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_

skólaárið \_\_\_\_\_ en muni í stað þess fá tíma í

\_\_\_\_\_

Dags. \_\_\_\_\_

Undirskrift foreldra/forsjáraðila

\_\_\_\_\_

Staðfesting skólastjóra

\_\_\_\_\_

## 13.8 Aðalnámskrá grunnskóla 2011

### Aðalnámskrá grunnskóla 2011

#### 7.12 Menningarläsi

Ísland er lýðræðislegt samfélag þar sem Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna hefur verið lögfestur. Samkvæmt sáttmálanum skulu öll börn njóta sömu réttinda án tillits til kynþáttar, litarháttar, kynferðis, tungu, trúar, stjórnmálaskoðana, ætternis, fötlunar, félagslegrar stöðu eða annarra aðstæðna þeirra eða stöðu eða athafna foreldra þeirra. Þessi ákvæði skulu endurspeglast í skólasamfélaginu þar sem réttur hvers og eins er virtur.

Skólasamfélagið skal einkennast af samvinnu, jöfnuði og lýðræði þar sem öllum líður vel, fjölbreytt menning fær að blómstra, hvatt er til virkrar þátttöku og raddir allra fá að heyrast. Leggja skal áherslu á að fjölmenningarleg gildi endurspeglast í verkefnavali, námsgögnum, náms- og kennsluaðferðum og vinnubrögðum í öllu skólastarfi. Eitt af meginhlutverkum grunnskólans samkvæmt markmiðsgrein laga um grunnskóla er að stuðla að alhliða þroska nemenda og þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

#### 7.13 Móttaka nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Góð móttaka nýrra nemenda með íslensku sem annað tungumál skiptir sköpum við upphaf skólagöngu. Skólum ber samkvæmt 16. gr. laga um grunnskóla að fylgja móttökuáætlun, sinni eigin eða sveitarfélagsins, sem byggir á bakgrunni nemenda, tungumálafærni og fyrri skólagöngu. Auk þess að taka mið af hæfni á ýmsum námssviðum og styrkleikum hvers og eins. Leggja skal fyrir stöðumat á þessum þáttum á sterkasta tungumáli nemandans. Í móttökuvíðtali skal lögð áhersla á heildræna móttöku nemenda og foreldra. Þar gefst nemandi og foreldrum tækifæri til að upplýsa skólann um þarfir, menningu og stöðu nemandans. Námsáætlun skal byggð á niðurstöðum þeirra upplýsinga og stöðumatsins. Ábyrgð á íslenskunámi nemandans hvílir á skólastjórnendum, umsjónarkennurum, íslenskukennurum, öllum öðrum kennurum og foreldrum og þessir aðilar þurfa að vinna saman til að námið verði markvisst. Eins er brýnt að annað starfsfólk sem kemur að námi eða frístundastarfi nemandans sé upplýst um hæfni hans í íslensku og taki þátt í að styðja við íslenskunámið og virkni nemandans í skóla- og frístundasamfélaginu. Óformleg menntun og þátttaka í skipulögðu frístunda-starfi stuðlar að því að styrkja hæfni nemenda í íslensku, efla félagsleg tengsl og auka virkni þeirra og hæfni.

Kennarar, skólastjórnendur og annað starfsfólk skólans skal gera sér far um að kynna heimamenningu nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Skólakerfið í upprunalandinu getur verið að einhverju leyti ólíkt því íslenska og mögulega hefur orðið rof á skólagöngu nemandans um einhver ár. Samskipti skólans við foreldra þurfa að vera regluleg og skýr og einkennast af trausti og gagnkvæmri virðingu og miðast að því að ná sameiginlegri sýn um menntun barna í íslensku skólakerfi.

Mikilvægt er að foreldrar með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn fái góða kynningu á skólanum og íslensku skólakerfi, t.d. væntingar um samstarf heimilis og skóla. Foreldrar skulu fá greinargóðar upplýsingar um námsstöðu barna sinna, framfarir og stuðning sem þeim er veittur. Einnig ber skólanum að fræða foreldra um kosti þess að halda við og rækta móðurmál barnanna. Þeir skulu upplýstir um leiðir sem þeir geta sjálfir farið til að styðja við nám barna sinna, lögum samkvæmt. Einnig fái þeir upplýsingar um rétt á túlkabjónustu sem leið til að tryggja að allar upplýsingar skili sér milli skóla og heimilis.

Fjölbreyttur menningarbakgrunnur nemenda og foreldra þeirra skapar ýmis tækifæri til náms fyrir allt skólasamfélagið. Leita skal leiða til að kynna fyrir skólasamfélaginu mismunandi menningu og tungumál og stuðla þannig að gagnkvæmri aðlögun, víðsýni og þroska, til dæmis með aðkomu foreldra barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í skólastarfinu.

#### **7.14 Fjöiltyngi**

Tungumál eru auðlind og að viðhalda virku fjöiltyngi er hagsmunamál fyrir fjöiltyngd börn og samfélagið í heild. Fjöiltyngi er lifandi og flókið félagslegt og persónulegt ferli sem snertir menningar-, félags-, vitsmuna- og námslega þætti tungumála. Tungumálaforði einstaklings er samofin heild og felur í sér alla færni í öllum tungumálum einstaklings. Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki við að styðja við tungumálaforða barna sinna og þar með talið að styðja við nám þeirra í íslensku. Foreldrar þurfa að vera upplýstir um að viðhorf þeirra til íslensku og náms skiptir máli fyrir námsframvindu barna þeirra.

Æskilegt er að skólar og frístundaheimili móti sér tungumálastefnu sem leiðarljós fyrir starfsfólk og nemendur í daglegu starfi og samskiptum. Taka skal mið af núgildandi lögum, stefnum, aðalnámskrám og alþjóðlegum skuldbindingum. Við mótun tungumálastefnu er mikilvægt að starfsfólk ígrundi í sameiningu hvernig unnið er með fjölbreytt tungumál og komi sér saman um þær áherslur sem eiga að vera ríkjandi. Í tungumálastefnu þarf að koma fram með hvaða hætti er unnið með tungumál í samskiptum og daglegu starfi og hvaða leiðir eru nýttar til að nýta tungumálaforða nemenda sem best ásamt því að virkja og viðhalda áhuga allra nemenda á fjöiltyngi.

#### **19.3 Íslenska sem annað tungumál**

Íslenska sem annað tungumál er ætluð nemendum sem eru að ná tókum á íslensku og eiga ekki íslensku að móðurmáli. Markmið með kennslunni eru að nemendur tileinki sér og læri íslensku þannig að þeir geti stundað alhliða nám í íslensku skólastarfi með jafnöldrum og tekið virkan þátt í samfélaginu. Gera má ráð fyrir að nemendur fylgi hæfniviðmiðum í íslensku sem öðru tungumáli í tvö til fjögur ár. Eftir það fylgja þeir aðalnámskrá í íslensku samkvæmt aldurstengdum viðmiðum.

Ábyrgð á íslenskunáminu hvílir á skólastjórnendum, umsjónarkennurum, íslenskukennurum og kennurum allra námssviða sem þurfa að vinna saman til að námið verði markvisst.

Eins er brýnt að allt starfsfólk sem kemur að námi eða frístundastarfi nemendanna sé upplýst um hæfni þeirra í íslensku og taki þátt í að styðja við námið. Foreldrar bera ábyrgð á að styðja við íslenskunám barna sinna og að rækta og þróa eigið móðurmál til að stuðla að virku fjöltyngi.

Hópur nemenda sem stundar nám í íslenskum skólum og lærir íslensku sem annað tungumál er fjölbreyttur. Ýmislegt getur haft áhrif á íslenskunámið sem nauðsynlegt er að taka mið af: Bakgrunnur hópsins er ólíkur, móðurmál eru mismunandi og reynsla af fyrri skólagöngu mismikil. Menningarbakgrunnur nemendanna er fjölbreyttur og hver einstaklingur hefur sinn sérstaka persónuleika, áhugasvið, þekkingu og námsgetu. Aðrir þættir sem geta skipt máli eru tilfinningaleg líðan, stuðningur heimilis, væntingar, áhugahvöt og hversu mikið nemandi leggur sig fram

Kanna skal námslega stöðu nemenda meðal annars á sterkasta tungumáli hans. Námsáætlun nemandans byggir á því mati að höfðu samráði við foreldra. Nemendur sem hafa náð færni í móðurmáli og öðrum tungumálum skulu hvattir og þeim gefin tækifæri til að tengja málin við íslensku og byggja á hæfni sem þeir hafa öðlast í gegnum önnur tungumál, bæði færni og þekkingu.

Börn geta lært fleiri en eitt tungumál samtímis eða hvert á eftir öðru en til þess að ná færni í tungumálunum þurfa þau að fá góðan stuðning og málörvun. Þau þurfa að fá ríkuleg tækifæri til að efla íslenskufærni sína, ekki eingöngu í skólastarfi heldur líka í frístundum, félagsstarfi og samfélaginu almennt. Grundvallaratriði er að nemendurnir verði virkir málnotendur á íslenska tungu. Það felur í sér að þeir öðlist ekki eingöngu færni í að skilja talað og ritað mál heldur einnig að þeir geti tekið þátt í umræðum sem tengjast viðfangsefni námsins og efla stöðugt ritunarfærni sína á þann hátt sem nám gerir kröfur um á hverju stigi. Kennsluhættir og námsmat skal vera fjölbreytt og taka mið af öllum hæfniviðmiðum á öllum sviðum íslensku sem annars tungumáls.

Mikilvægt er að foreldrar séu reglulega upplýstir um stöðu og framfarir barna sinna og þarfir þeirra fyrir stuðning við námið. Hér er átt við bæði þann stuðning sem skólinn veitir og þann stuðning sem foreldrar geta veitt börnum sínum við námið og félagslega virkni þeirra. Einnig er mikilvægt að foreldrar fái tækifæri til að upplýsa skólann um þarfir, menningu og stöðu barnsins.

Við lok grunnskóla skal gefa nemendum lokaekinn í íslensku sem öðru tungumáli ef þeir hafa fylgt viðmiðum um hæfni samkvæmt hæfnirömmum íslensku sem annars tungumáls allt til loka grunnskóla. Á því mati skal áframhaldandi nám byggja. Þó ber að hafa í huga að nemendur þurfa markvissa kennslu og stuðning þegar þeir byrja að fylgja aldurstengdum viðmiðum í íslensku.

## Hæfnirammur

Hæfnirammarnir eru þrepaskiptir og lýsa stigvaxandi hæfni nemenda í íslensku sem öðru tungumáli. Römmunum er ætlað að lýsa hæfni sem krafist er í notkun íslensku á öllum sviðum tungumálanáms. Hæfnirammarnir miða ekki við aldur nemandans heldur stöðu hans í íslensku. Þó má gera ráð fyrir að yngri nemendur fylgi viðmiðum í íslensku sem öðru tungumáli í skemmri tíma en þeir eldri.

**Forstigi** er fyrir nemendur með litla sem enga þekkingu á íslensku tungumáli, þá sem eru ólæsir í móðurmáli sínu, þekkja ekki latneskt stafróf eða þurfa sérstaka þjálfun í íslenskum máhljóðum og að tengja þau við rittáknin. Áherslan er á lestur og íslenskt hljóðkerfi á þessu stigi. Þær hæfnilýsingar sem eiga við forstigi eru þau viðmið sem unnið skal að. Að loknu forstigi er miðað við að nemendur nái hæfni sem lýst er á 1. stigi að því gefnu að hæfniviðmiðum forstigs sé náð.

**1. stig** er fyrir nemendur sem teljast byrjendur í íslensku en eru vel læsir í móðurmáli, þekkja latneskt letur og eiga auðvelt með að tileinka sér íslensk máhljóð og íslensk rittákn. Áhersla er á grunnorðaförða, grunnþekkingu í íslenskri málfræði, einfaldar ritunaræfingar, mikinn lestur og hlustun auk markvissrar talþjálfunar í almennu, daglegu tali.

**2. stig.** Hér eru nemendur orðnir nokkuð færir í munnlegri tjáningu og hafa daglegan orðaförða nokkurn veginn á valdi sínu. Mikil orðaförðasöfnun á sér stað á þessu stigi og málfræðinotkun eflist samhliða. Kröfur um hæfni í rituðu máli aukast og áhersla er lögð á námsorðaförða eftir því sem kostur er. Nemendur fylgja aðlöguðum námsáætlunum í öllum bóklegum greinum.

**3. stig.** Hér eru nemendur komnir með góðan grunn í íslensku og geta einbeitt sér að því að safna orðaförða og þróa færni sína í námstengdri málnotkun á breiðum grunni á öllum hæfnisviðum. Þegar nemendur hafa náð þeirri hæfni sem lýst er á þriðja stigi eiga þeir að geta fylgt almennum aldurstengdum viðmiðum og námsáætlunum í öllum bóklegum greinum en með stuðningi ef þarf.

### 13.8.1 Hæfniviðmið fyrir íslensku sem annað tungumál

## Skilningur - hlustun

### Forstig, nemandi:

Skilur einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan ef talað er hægt og skýrt, s.s. einfaldar spurningar og svör.

Skilur mjög einfaldar leiðbeiningar með stuðningi mynda, látbragðs o.fl.

Greinir einstök orð og tölustafi sem kenndir hafa verið í einföldu hljóð- og myndefni.

Skilur grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: orð yfir hluti, fólk og dýr, tölustafi og daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.

#### 1. stig, nemandi:

- Skilur einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan, skólann, fjölskylduna og áhugamál ef talað er hægt og skýrt.
- Skilur að nokkru leyti leiðbeiningar og það mál sem notað er í kennslustofunni ef talað er hægt.
- Fylgir meginþræði og greinir upplýsingar í einföldum, kunnuglegum frásögnum með sjónrænum stuðningi og orðaforða sem hefur verið kenndur
- Skilur grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: orð yfir hluti, fólk og dýr, tölustafi og daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima

#### 2. stig, nemandi:

- Skilur dagleg samtöl, og umræður sem tengjast kunnuglegum aðstæðum einkum ef talað er skýrt.
- Skilur nákvæmar leiðbeiningar og fyriræli tengd námsgreinum.
- Skilur helstu atriði í kynningum, fræðslu og útskýringum með sjónrænum stoðum og skýrum dæmum.
- Hefur öðlast grunnkilning á mikilvægum orðaforða námsgreina, þ.e. orðaforða á 2. og 3. þrepi (t.d. í náttúru- og samfélagsgreinum).

#### 3. stig, nemandi:

- Skilur nokkuð auðveldlega daglegar samræður í tengslum við áhugasvið og annað í kunnuglegu umhverfi.
- Skilur megininntak í umræðum og fræðslu um viðfangsefni ýmissa námsgreina.
- Skilur megininntak kynninga og fræðslu í ýmsum námsgreinum og efni í fjölmiðlum sem höfðar til hans og er á skýru máli.
- Er kominn með nokkuð góða þekkingu á námsorðaforða á 2. og 3. þrepi, til skilnings sem samsvarar aldri barnsins og því sem gera má ráð fyrir að jafnaldrar hafi þekkingu á.

## Skilningur - Lestur

### Forstig, nemandi:

Tengir íslensk máhljóð við rittákn þeirra. Byrjar að þjálf sig í umskráningu og nær byrjunarfærni í lesfimi.

Getur lesið og skilið einföld orð og einfaldar lykilsetningar sem honum hafa verið kenndar og eru algengar eða eru studdar myndefni.

Nýtir sér myndir og tákni til að skilja og skýra merkingu orða.

Getur lesið mjög einfalda texta með stuðningi t.d. mynda.

#### 1. stig, nemandi:

- Þekkir íslenska stafrófið og íslensku máhljóðin.
- Getur lesið og skilið einföld orð og setningar sem hafa verið kenndar.
- Nýtir sér myndir og tákni til að skilja og skýra merkingu orða.
- Getur lesið og skilið einfalda texta af nokkurri lipurð.

#### 2. stig, nemandi:

- Getur lesið og skilið texta almenns eðlis með orðaforða sem kemur oft fyrir í námi í skólanum.
- Getur lesið og skilið texta úr námsefni með stuðningi lykilhugtaka, orðalista, mynda og annarra hjálpargagna.
- Getur getið sér til um merkingu einstakra orða út frá samhengi og áætlað merkingu setningar, ef hann þekkir efnið sem um ræðir.
- Getur fylgt söguþræði í stuttum sögum og frásögnum á einföldu máli.

#### 3. stig, nemandi:

- Getur fylgt meginhugmynd og rökum í texta almenns eðlis og getið sér til um merkingu orða út frá samhengi texta.
- Getur lesið texta námsbókanna með viðeigandi stuðningi (orðalista, orðabóka og mynda).
- Getur fundið lykilupplýsingar í texta og safnað upplýsingum úr ýmsum textahlutum til að leysa verkefni.
- Getur lesið einfaldar skáldsögur í fullri lengd.

## Tjáning - Talað mál, samskipti og frásögn

### Forstig, nemandi:

Getur, með stuðningi, tekið þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum.

Getur beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga.

Getur kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig.

Kann grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: getur nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur og dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.

Getur á einfaldan hátt tjáð hvað honum líkar/líkar ekki og sagt frá líðan sinni.

Getur stafað nafnið sitt og gefið upp símanúmer.

#### 1. stig, nemandi:

- Getur, með stuðningi, tekið þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum.
- Getur beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga.
- Getur kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig.
- Kann grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: getur nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur og dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.
- Getur á einfaldan hátt tjáð hvað honum líkar/líkar ekki og sagt frá líðan sinni.
- Getur með takmörkuðum orðaforða lýst hlut eða mynd með því að hafa undirbúið sig fyrir fram.

#### 2. stig, nemandi:

- Getur tekið þátt í flestum daglegum samtölum án mikils stuðnings.
- Getur spurt einfaldra spurninga og nýtt til þess orð og setningar úr námsefninu og átt samskipti við samnemendur um námsefnið.
- Getur sagt frá áætlunum, venjum, daglegum athöfnum, liðnum atburðum og persónulegri reynslu.
- Getur flutt undirbúna kynningu um efni sem hann þekkir vel og svarað spurningum áheyrenda en gæti þurft að biðja um endurtekningu.
- Getur auðveldlega tjáð sig um það sem honum líkar/mislíkar
- Getur lýst fólki, stöðum og hlutum á einfaldan hátt.

#### 3. stig, nemandi:

- Getur tekið þátt í tiltölulega löngum samtölum um efni sem er til umræðu ef viðmælandi gerir sér far um að sýna skilning og koma til móts við nemandann.
- Getur tekið þátt í umræðum um viðfangsefni hinna ýmsu námsgreina.
- Getur tekið þátt í samræðum um áhugamál og frístundir í raun- og netheimum, tjáð skoðanir og rökstutt þær.
- Getur útbúið og flutt kynningu á efni sem hann þekkir og svarað spurningum ef þær eru orðaðar skýrt.
- Getur að mestu tjáð skoðanir sínar á skýran hátt.
- Getur sagt í smáatriðum frá atburðum, viðbrögðum við þeim og lýst reynslu.



## Tjáning - Ritun

### Forstig, nemandi:

Getur skrifað íslenska stafrófið eftir fyrirmynd.

Þekkir íslenska ritátt.

Getur afritað orð og setningar.

Getur skrifað einföld orð og einfaldar setningar sem hann hefur lært.

Getur skrifað nafnið sitt.

Getur teiknað röð mynda og með aðstoð skrifað stök orð eða setningar til að lýsa því sem er að gerast á myndunum (t.d. einföld dagbók).

#### 1. stig, nemandi:

- Getur skrifað stök orð og einfaldar setningar um sjálfan sig.
- Getur skrifað nafn sitt, heimilisfang og nafn skólans.
- Getur skrifað orð og orðasambönd til að lýsa hversdagslegum hlutum (t.d. lit eða stærð).
- Getur skrifað einfaldar setningar til að lýsa atburðum í myndasögu.
- Getur fært dagbók sem lýsir daglegum athöfnum, fólki og stöðum í stuttum setningum.
- Hefur grunnþekkingu á íslenskri málfræði og beitir henni í ritun.

#### 2. stig, nemandi:

- Getur skrifað einfalda texta sem tengjast daglegum athöfnum, persónulegum högum, líðan, áhugamálum og viðhorfum með stuðningi hjálpargagna.
- Getur skrifað stuttar lýsingar á atburðum, fyrri viðfangsefnum og reynslu.
- Getur svarað spurningum tengdum náminu skriflega með viðeigandi stuðningi orðalista og lykilorðavinnu.
- Getur búið til stutta kynningu í skýrslu eða á veggspjaldi um efni tengt náminu með myndum og stuttum textum.
- Getur skrifað stuttar, einfaldar frásagnir, t.d. inngang að sögu eða framhald af sögu með stuðningi hjálpargagna.
- Hefur grunnþekkingu í íslenskri málfræði og beitir henni í ritun.

#### 3. stig, nemandi:

- Getur skrifað samfelldan texta um margvísleg efni og tengt efnisgreinar í línulega, rökrétta heild með viðeigandi tengiorðum, (þótt textinn sé ekki málfræðilega réttur).
- Getur skrifað óformlegan og formlegan texta t.d. á samfélagsmiðlum. Getur hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang.
- Getur tjáð skriflega skoðun sína á námsefni, kvikmyndum, bókum eða sjónvarpsþáttum með viðeigandi orðaforða.
- Getur skrifað námsritgerðir og notar námsorðaforða með viðeigandi stuðningi orðalista og orðabóka.
- Getur gert grein fyrir reynslu, lýst tilfinningum og viðbrögðum í samfelldum texta. Getur skrifað samfellda sögu, með upphafi, atburðarás og sögulokum.
- Hefur öðlast breiðan grunn í íslenskri málfræði og beitir henni í ritun.

### 13.9 Viðmiðunarstundatafla í íslensku sem öðru tungumáli (ÍSAT)

#### Viðmiðunarstundatafla í íslensku sem öðru tungumáli (ÍSAT)

<b>Aldur: 6–8 ára</b>			
<b>Forstig</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>
6–9 tímar í ÍSAT á viku	4–6 tímar í ÍSAT á viku	3–5 tímar í ÍSAT á viku	2–4 tímar í ÍSAT á viku eða 2–4 stuðningstímar í íslensku
<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur fylgt almennum áætlunum og aldurstengdum viðmiðum í íþróttum og list- og verkgreinum.</li> <li>• þarf aðlagðar námsáætlanir í öllum bóklegum námsgreinum, þ.m.t. stærðfræði.</li> </ul>	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur fylgt almennum námsáætlunum og aldurstengdum viðmiðum í íþróttum, list- og verkgreinum og hugsanlega stærðfræði (huga þarf að námsorðaforða í stærðfræði).</li> </ul>	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur fylgt almennum námsáætlunum og aldurstengdum viðmiðum í íþróttum, list- og verkgreinum, stærðfræði og náttúrugreinum með stuðningi.</li> <li>• þarf aðlagðar áætlanir í bóklegum námsgreinum með sérstaka áherslu á námsorðaforða.</li> </ul>	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur fylgt almennum námsáætlunum og aldurstengdum viðmiðum í öllum námsgreinum. Gæti þurft stuðning í námsorðaforða, lesskilningi og ritun.</li> </ul>

<b>Aldur: 8–12 ára</b>			
<b>Forstig</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>
9–12 tímar í ÍSAT á viku	6–9 tímar í ÍSAT á viku	4–6 tímar í ÍSAT á viku	2–4 ÍSAT tímar á viku eða 2–4 stuðningstímar í íslensku
<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur fylgt almennum námsáætlunum og aldurstengdum viðmiðum í íþróttum og list- og verkgreinum.</li> <li>• þarf aðlagðar námsáætlanir í öllum bóklegum námsgreinum, þ.m.t. stærðfræði.</li> </ul>	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur fylgt almennum námsáætlunum og aldurstengdum viðmiðum í íþróttum, list- og verkgreinum og hugsanlega stærðfræði (huga þarf að námsorðaforða í stærðfræði) og ensku/dönsku.*</li> <li>• þarf aðlagðar námsáætlanir í öllum bóklegum námsgreinum.</li> </ul>	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur fylgt almennum námsáætlunum og aldurstengdum viðmiðum í íþróttum, list- og verkgreinum, stærðfræði, og e.t.v. náttúrugreinum.</li> <li>• gæti þurft aðlagðar námsáætlanir í bóklegum námsgreinum og stuðning í námsorðaforða, lesskilningi og ritun innan námsgreinanna.</li> </ul>	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur fylgt almennum námsáætlunum og aldurstengdum viðmiðum í öllum námsgreinum. Þarf stuðning og þjálfun í námsorðaforða, lesskilningi og ritun innan námsgreinanna.</li> </ul>

<b>Aldur: 12–16 ára</b>			
<b>Forstig</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>3</b>
9–12 tímar í ÍSAT á viku	8–10 tímar í ÍSAT á viku	4-6 tímar í ÍSAT á viku	2–4 tímar í ÍSAT á viku
<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur fylgt almennum námsáætlunum og aldurstengdum viðmiðum í íþróttum og list- og verkgreinum.</li> <li>• þarf aðlagðar námsáætlanir í öllum bóklegum námsgreinum, þ.m.t. stærðfræði.</li> </ul>	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur fylgt almennum námsáætlunum og aldurstengdum viðmiðum í íþróttum, list- og verkgreinum og e.t.v. öðrum tungumálum (ensku/dönsku).*</li> <li>• þarf aðlagðar námsáætlanir í öllum bóklegum námsgreinum, þ.m.t. stærðfræði.</li> </ul>	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur fylgt almennum námsáætlunum og aldurstengdum viðmiðum í íþróttum, list- og verkgreinum og e.t.v. stærðfræði.</li> <li>• þarf stuðning og aðlagðar námsáætlanir í bóklegum námsgreinum. Mikil áhersla er á söfnun námsorðaforða og að ræða um viðfangsefni námsins, skilja námsefnið og þjálfa ritun innan námsgreina.</li> </ul>	<p>Nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• getur e.t.v. fylgt almennum námsáætlunum og aldurstengdum viðmiðum í flestum greinum með stuðningi en í bóklegum greinum þarf áherslan að vera á skilningi og málnotkun í flóknari textagerð en áður og áframhaldandi eflingu námsorðaforða.</li> </ul>

Enska og danska eru kenndar sem skyldufög á grunnskólastigi. Yngri nemendur með íslensku sem annað tungumál, sem hefja nám í þessum tungumálum um leið og jafnaldrar, ættu að geta fylgt almennum námsáætlunum og aldurstengdum viðmiðum frá upphafi. Meta þarf stöðu eldri nemenda, sem koma seinna til landsins, í viðkomandi tungumáli. Þetta skal gert við upphaf náms þeirra á Íslandi áður en ákvörðun er tekin um hvaða viðmiðum er eðlilegt að þeir fylgi. Í lögum stendur að grunnskólum sé heimilt að viðurkenna kunnáttu í móðurmáli nemenda með annað móðurmál en íslensku sem hluta af skyldunámi er komi í stað skyldunáms í erlendu tungumáli.

Í viðmiðunarstundatöflu eru metnar námsþarfir nemenda með íslensku sem annað tungumál í ýmsum námsgreinum út frá aldri og hæfnistigi í íslensku.<sup>1</sup> Meta verður hvern einstakling sérstaklega, hér er einungis um leiðbeinandi viðmið að ræða. Meta þarf hvort nemendur þurfi aðlagðar námsáætlanir í ákveðnum námsgreinum. Áætlanir í bóklegum námsgreinum skulu aðlagðar út frá settum hæfni- og matsviðmiðum námsgreinanna. Nemendur koma til landsins með þekkingu í ýmsum námsgreinum og þurfa að eiga þess kost að nýta námsefni á eigin tungumáli ef hægt er en jafnhliða skal gefa þeim kost á að auka íslenskan orðaforða sinn og

skilning á viðfangsefni námsgreina á íslensku, með hjálp stoðgagna, s.s. einfaldari texta, mynda, myndskreiða og fjölbreyttri orðaforðavinnu.<sup>2</sup> Í ÍSAT tímum getur að hluta farið fram markviss stuðningur í öðrum námsgreinum en íslensku, með áherslu á að byggja upp námsorðaforðann,<sup>3</sup> að taka þátt í umræðum um viðfangsefnin og skrifa sögur og ritgerðir. Samvinna námsgreinakennara og ÍSAT kennara er lykilatriði við gerð námsáætlana, ákvarðana um framkvæmd náms og kennslu og leiðir í námsmati.<sup>4</sup> ÍSAT tímar þurfa ekki að fara fram utan bekkjar ef möguleiki er á teymiskennslu eða stuðningi inni í bekk. Þetta verður að meta eftir aðstæðum og einstaklingum, ein leið er ekki endilega rétta leiðin fyrir alla. Þótt nemendur ráði við að fylgja sömu námsáætlunum og samnemendur þeirra sem hafa íslensku sem móðurmál (almennar námsáætlanir) í ákveðnum námsgreinum er líklegt að til þess þurfi þeir stuðning. Lokamarkmiðið er að allir nemendur geti fylgt almennum námsáætlunum og aldursmiðuðum viðmiðum allra námsgreina án stuðnings.

Aðalnámskrá grunnskóla (2021), kafli 19.3.

1. Ekki skal gefa nemendum stjörnumerka einkunn nema í sérstökum tilvikum þar sem búið er að greina hjá þeim þroskafrávik eða sértæka námserfiðleika og unnið hefur verið eftir einstaklingsnámskrá af þeim sökum.
2. Orðaforða má skipta í þrjú þrep eftir því hve algeng orðin eru og í hvaða samhengi þau eru notuð. Fyrsta þrepið er hinn daglegi orðaforði, grunnorðaforði, sem flestir eru fljótir að tileinka sér s.s. matur, hús, bíll, skóli, tala, skrifa. Þessi orð er auðvelt að útskýra með myndum eða leika merkingu þeirra. Ekki má þó gera ráð fyrir að orð á þessu þrepi lærist af sjálfu sér vegna þess að mörg þeirra tilheyra heimilislífi og sum læra nemendur e.t.v. aðeins á móðurmáli sínu. Annað þrep orðaforðans eru orð sem hafa huglæga merkingu og eru meira notuð í ritmáli en talmáli s.s. orsök, sóun, menning, innleiða. Þessi orð er erfiðara að útskýra á einfaldan hátt og lærast seinna en orð á fyrsta þrepi. Á þessu þrepi eru líka samheiti orða á fyrsta þrepi sem sjaldnar eru notuð í daglegu tali s.s. piltur, háhýsi, skriffæri. Í þessum flokki eru líka tengiorð og orðasambönd. Þriðja þrep orðaforðans eru hin ýmsu sértæku orð námsgreinanna, t.d. atóm, fruma, kolvetni, lunga. Sum þeirra spanna stórt inntak námsgreina og skilningur á þeim felur í sér víðtæka þekkingu t.d. spendýr, landbúnaður, ljóstillifun. Orð á öðru og þriðja þrepi liggja til grundvallar námsárangri og eru því kölluð námsorðaforði. Uppruna þessara kenninga og umfjöllun um rannsóknir á þessu sviði má lesa um í bókinni *Bringing Words to Life. Robust Vocabulary Instruction* (Beck, McKeown & Kucan, 2013).

[https://mms.is/sites/mms.is/files/vidmidunarstundatafla\\_isat.pdf](https://mms.is/sites/mms.is/files/vidmidunarstundatafla_isat.pdf)